

SUÐURLANDSSKJÁLFTAR

JÚNÍ 2000

SKÝRSLA NEFNDAR SEM SKIPUÐ VAR AF IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐHERRA

Inngangur.

Þann 23. ágúst 2001 skipaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra nefnd til þess að fara yfir framkvæmd tjónsuppgjóra vegna jarðskjálftanna á Suðurlandi sumarið 2000 og þá verkferla sem Viðlagatrygging Íslands (VÍ) beitti í starfi sínu, helstu ágreiningsefni sem upp komu við úrvinnslu og til að benda á leiðir til úrbóta. Jafnframt var nefndinni falið að kanna tilhögun viðlagatrygginga (hamfaratrygginga) í helstu nágrannalöndum og meta það hvort hamfaratryggingar, eins og viðlagatrygging, séu jafn vel eða betur komnar hjá hinum almennu váttryggingafélögum.

Í nefndina voru skipuð:

Kjartan Gunnarsson, skrifstofustjóri í viðskiptaráðuneyti, formaður, til vara Hrafnkell Óskarsson, deildarsérfræðingur, Sigmar Ármannsson, framkvæmdastjóri, til vara Bjarni Þórðarson, framkvæmdastjóri, samkvæmt tilnefningu S.Í.T., Ásgeir Ásgeirsson, framkvæmdastjóri, til vara Drífa Sigfúsdóttir, stjórnarmaður í VÍ, samkvæmt tilnefningu stjórnar Viðlagatryggingar Íslands, Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri Stykkishólmi, til vara Inga Hersteinsdóttir, bæjarfulltrúi Seltjarnarnesi, samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Margrét Hauksdóttir, aðstoðarforstjóri, til vara Örn Ingvarsson, framkvæmdastjóri, samkvæmt tilnefningu Fasteignamats ríkisins, Jón Sigurjónsson, yfirverkfræðingur, samkvæmt tilnefningu Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, og Rúnar Guðmundsson, yfir-lögfræðingur, til vara Helgi Þórsson, tölfræðingur, samkvæmt tilnefningu Fjármálaeftirlitsins. Ritari og starfsmaður nefndarinnar var Hrafnkell Óskarsson.

Nefndin fékk á sinn fund Frey Jóhannesson, tæknifræðing, yfirmatsmann VÍ, Guðmund Inga Gunnarsson, sveitarstjóra Hellu, Níels Árna Lund, skrifstofustjóra í landbúnaðaráðuneyti, og Sigbjörn Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi ytra og í Ásahreppi.

1. Almennt um váttryggingar gegn náttúruvá hérlendis

Viðlagatrygging Íslands (VÍ) var stofnuð árið 1975 og starfar nú samkvæmt lögum nr. 55/1992, með síðari breytingum. Þá er jafnframt í gildi reglugerð um starfsemi VÍ, nr. 83/1993. Viðlagatrygging Íslands er opinber stofnun með sjálfstæðan fjárhag. Eru ákvæði laganna miðuð við að stofnunin starfi sjálfstætt og á grundvelli almennra reglna um váttryggingar, eftir því sem við getur átt, sbr. 25. gr. þeirra. VÍ hefur starfsleyfi sem váttryggingafélag og lýtur því eftirliti Fjármálaeftirlitsins. VÍ er alfarið í eigu ríkisins og heyrir undir yfirstjórn viðskiptaráðherra.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 55/1992 váttryggir VÍ gegn beinu tjóni af völdum eldgosu, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða svokallaðri viðlagatryggingu. Skyllt er að váttryggja viðlagatryggingu allar húseignir og lausafé sem er brunatryggt hjá váttryggingafélagi sem starfsleyfi hefur hér á landi, sbr. 5. gr. laganna. Þá nær váttryggingarskyldan til vissra mannvirkja sem ekki er skylt að brunatryggja, s.s. veitumannvirkja ýmiss konar.

Viðlagatrygging Íslands var sett á stofn með lögum nr. 52/1975. Tilfni lagasetningarinnar var m.a. nýfengin reynsla af yfirgripsmiklu eignatjóni í Vestmannaeyjagösinu 1973 og í snjóflóðinu á Neskaupstað 1974. Tók stofnunin við eignum og skuldum Viðlagasjóðs, en hann varð til vegna eldgossins í Vestmannaeyjum árið 1973. Með lögum um Viðlagatryggingu Íslands var ætlunin að tryggja fjármagn til að bæta tjón af völdum náttúruhamfara þannig að tryggt væri að allir sætu við sama borð í því efni.¹ Við mótnun reglnanna var einnig litið til fyrirkomulags hliðstæðra trygginga í öðrum löndum þar sem hætt er við náttúruhamförum.

Upphaflega náði skylda til að kaupa viðlagatryggingu aðeins til þeirra eigna sem skylt var að brunatryggja, en umfang laganna að þessu leyti var víkkað mjög með lögum nr. 55/1982. Með breytingalögum var mælt fyrir um skyldutryggingu á eftirfarandi mannvirkjum þótt ekki væru þau brunatryggð: Hita-, vatns- og skolpveitum, hafnarmannvirkjum, brúm, raforkuvirkjum, síma og öðrum fjarskiptakerfum. Einnig var kveðið á um skyldutryggingu á ræktuðu landi og lóðum. Með lögum nr. 55/1992 var nokkuð dregið úr váttryggingarskyldu á nýjan leik, og eru þau lög enn í gildi svo sem fyrr segir.

Iðgjald viðlagatryggingar er ákveðið með lögum en tekur ekki mið af áhættu á hverjum stað. Nema iðgjöld 0,25% af váttryggingarfjárhæð, sem er brunabótamat þegar um er að ræða húseignir og 0,2% þegar um er að ræða tilteknar eignir sveitarfélaga og veitustofnana. Bókfærð iðgjöld VÍ árið 1999 voru um 740 mkr., árið 2000 um 747 mkr. og árið 2001 rúmar 830 mkr. Aðrar tekjur VÍ eru fyrst og fremst fjárfestingartekjur. VÍ endurtryggir erlendis tjón sem farið geta yfir 55 milljónir USD (um 4,8 milljarðar króna) og allt að 150 milljónum USD (um 13 milljarðar króna). Iðgjöld vegna endurtrygginga námu á árinu 2000 um 170 milljónum króna og árið 2001 um 215 milljónum króna á gengi hvers árs. Getu VÍ til að greiða bætur vegna eins tjónsatburðar er um 20 milljarðar króna en heildarbótaskylda 1% af váttryggingarfjárhæðum eða um 37 milljarðar króna.

Auk VÍ er starfandi Bjargráðasjóður sem veitir styrki vegna eignatjóns við náttúruhamfarir. Sjóðurinn starfar samkvæmt lögum nr. 146/1995 og veitir styrki til að bæta tjón af völdum náttúruhamfara, sem ekki fæst bætt úr váttryggingum, þ.m.t. viðlagatryggingu. Auk framlaga á fjárlögum hverju sinni eru tekjur Bjargráðasjóðs sérstakt framlag sveitarfélaga, sem er viss fjárhæð á hvern íbúa, og hlutdeild í búnaðargjaldi. Þá er rétt að geta hér ofanflóðasjóðs sem starfar samkvæmt lögum nr. 49/1997 og hefur það hlutverk m.a. að standa straum af kostnaði við fyrirbyggjandi framkvæmdir vegna hugsanlegra snjóflóða og skriðufalla. Sá sjóður er fjármagnaður með sérstökum eignaskatti sem lagður er á

¹ Alpt. 1974-75, A, þskj. 513, bls. 1553.

brunatryggðar húseignir og með framlögum af fjárlögum hverju sinni. Eignaskattur þessi nemur 0,3% af váttryggingarfjárhæð eignar og er innheimtur með iðgjöldum lögboðinna bruna- og viðlagatrygginga.

Í frjálsum eignatryggingum, sem almennu váttryggingafélögin bjóða hér á landi, eru tjón af völdum náttúruhamfara oftast undanskilin, nema tjón af völdum óveðurs. Foktjón eru þannig bætt af váttryggingafélögunum, en viðlagatryggingin tekur ekki til slíkra tjónsatburða. Dæmi eru og um í skilmálum félaganna, að þeir taki að einhverju leyti til annarrar náttúruvár en óveðurs, t.d. húftryggingar ökutækja og fiskiskipa. Þótt í almennum skilmálum félaganna séu undanskildar náttúruhamfarir á borð við jarðskjálfta, skriðuföll, snjó- og vatnsflóð, getur verið að t.d. fyrirtæki kunni að hafa samið sérstaklega um ríkari vernd að þessu leyti.

2. Tilhögun í nokkrum löndum.

Mjög hefur færst í vöxt á síðustu áratugum að komið hefur verið upp sjóðum eða váttryggingum til að tryggja eða bæta tjón af völdum náttúruhamfara. Hafa þetta yfirleitt verið viðbrögð við stórfelldum náttúruhamförum þegar á hefur skort váttryggingarvernd eða hún verið ófánleg á almennum markaði. Það hefur ávallt komið í ljós í slíkum atburðum að þegar um þrýtur hafa stjórnvöld þurft að bæta eignatjón og hagræði talið fólgið í því að setja upp mótað fyrirkomulag til að mæta slíkum áföllum. Hér má nefna sjóði eða váttryggingar til að bæta tjón af völdum náttúruhamfara sem eru reknir í ýmsum löndum, t.d. í Frakklandi, Japan, Noregi, á Nýja-Sjálandi, Spáni og í Bandaríkjunum. Þá eru nýstofnaðar opinberar hamfaratryggingar í Tyrklandi og Taiwan í kjölfar jarðskjálfta.

Í *Noregi* fylgir váttrygging gegn náttúruhamförum sjálfkrafa brunatryggingu samkvæmt lögum frá 1989, og nær hún jafnt til íbúðar- og atvinnuhúsnæðis. Brunatrygging er þó ekki skylduváttrygging í Noregi. Hamfaratryggingar eru þannig að meginstefnu til reknar af váttryggingafélögum á almennum markaði, og skulu þau samkvæmt lögnum reka samsteypu ("pool") fyrir hamfaratryggingar sem jafnar tjónagreiðslur (og hlut endurtryggjenda) milli félaga í samræmi við markaðshlutdeild. Umframiðgjöld renna í sameiginlegan sjóð. Iðgjöld eru breytileg eftir afkomu hamfaratryggingakerfisins og hafa hæst verið 0.25% en eru nú 0.20%. Norska hamfaratryggingasamsteypan endurbyggir síðan áhættu sína á alþjóðlegum markaði (4.2 milljarðar NKR umfram 200 milljónir NKR árið 2000).

Á *Nýja-Sjálandi* er starfrækt opinbert hamfaratryggingafélag með ríkisábyrgð (New Zealand Earthquake Commission) til að bæta tjón á íbúðarhúsnæði af völdum náttúruhamfara. Iðgjöld í sjóðinn eru innheimt með brunatryggingariðgjöldum einkarekinna váttryggingafélaga. Kerfi þetta tekur ekki til atvinnuhúsnæðis, en váttryggingar fyrir atvinnuhúsnæði eru fánlegar á almennum markaði. Bætur fyrir íbúðarhúsnæði eru svokallaðar núvirðisbætur. Iðgjald er 0.5% af váttryggingarfjárhæð en getur hæst orðið 67.50 NZD, eigin áhætta váttryggðs er 1%.

Á *Spáni* er rekin viðlagatrygging á vegum hins opinbera (Consortio de Compensación de Seguros) með ríkisábyrgð sem lýtur sömu löggjöf og einkarekin váttryggingafélög. Váttryggingin bætir tjón af völdum náttúruhamfara, en jafnframt af völdum vissra annarra *vis major* atvika, t.d. óeirða og hryðjuverka. Iðgjöld eru innheimt samhliða iðgjöldum einkarekinna váttryggingafélaga (0.09-0.25% eftir eignaflokkum). Bætur miðast við viðgerðakostnað eða núvirði (replacement). Frádráttarreglur gilda hins vegar og bætur nema aldrei meira en 90% af verðmæti eignar.

Í *Kaliforníu* er starfræktur opinber sjóður (California Earthquake Authority, CEA) sem fjármagnaður er með iðgjöldum og greiðslum frá váttryggingafélögum. Auk þess er lántökuheimild og um 2 milljarða USD endurtryggingarvernd. Hann var stofnaður í kjölfar Northridge jarðskjálftans þegar tók fyrir framboð á jarðskjálftavernd á almennum markaði. Ekki

er um ríkisábyrgð á skuldbindingum sjóðsins að ræða. Auk annarra verkefna, svo sem upplýsingagjöf varðandi skjálftahættu og aðstoð við jarðskjálftavarnir, starfrækir CEA jarðskjálftatryggingu, sem er lágmarksvátrygging er bætir kostnað við að endurnýja eða gera við íbúðarhúsnæði að frádreginni eigin áhættu. Jarðskjálftatrygging CEA er seld í gegnum eignatryggingafélag vátryggðs, en ekki eru öll vátryggingafélög aðilar að CEA. Öllum vátryggingafélögum sem bjóða fasteignatryggingar er þó skylt að bjóða vátryggingartökum einnig jarðskjálftatryggingu, en vátryggingartaka er hins vegar ekki skylt að kaupa vátrygginguna. Aðeins um fimmtungur húseigna mun tryggður, enda iðgjöld allhá (3.91% að meðaltali) sem og eigin áhætta (15%).

Í *Florida* eru starfræktir tveir bótasjóðir vegna fellibylja sem settir voru á laggir í kjölfar fellibylsins Andrew sem olli mesta vátryggingatjóni sögunnar fram að 11. september 2001. Joint Underwriting Association starfar á frumtryggingargrundvelli og veitir þeim íbúum vátryggingarvernd sem ekki eiga kost á henni hjá almennum vátryggingafélögum en mikil vandkvæði voru á að fá vátryggingarvernd í kjölfar fellibylsins er mörg vátryggingafélög urðu gjaldþrota og önnur drógu sig út af þessum viðsjárverða markaði. Á tímabili voru ein milljón húseigenda vátryggð hjá sjóðnum en eru nú 120.000. Þá var stofnaður sérstakur endurtryggingasjóður (Hurricane Catastrophe Fund) sem vátryggingafélögum er skylt að endurtryggja hjá áhættu vegna tjóna af völdum fellibylja. Var þetta gert til að laða vátryggingafélög á ný til þátttöku í hamfaratryggingum í Florida en það sem hvað mestum vandkvæðum olli var að þau gátu ekki keypt endurtryggingarvernd nema gegn afarkjörum. Sjóðirnir í Florida og Kaliforníu njóta skattfríðinda og geta þannig byggst hraðar upp en ella.

Í *Frakklandi* er rekið endurtryggingarfyrirkomulag, *Catastrophe Naturelles* með ríkisábyrgð sem vátryggingafélögum er heimilt að endurtryggja hjá hamfaratjón önnur en óveðurstjón gegn 9% af frumiðgjaldi, en áhættan er síðan endurtryggð hjá endurtryggingarfélagi í ríkiseigu. Til að bætur fáiast greiddar þarf franska ríkisstjórnin að lýsa formlega yfir neyðarástandi á hamfarasvæðinu. Bætur til fyrirtækja takmarkast við 10% af beinu tjóni.

3. Jarðskjálftarnir í júní 2000 - fyrstu viðbrögð og skipulagning

Klukkan 15:45 þann 17. júní 2000 reið jarðskjálfti yfir stórt svæði á Suðurlandi. Upptök skjálftans eru talin hafa verið við Skammbeinsstaði í Holtum og mældist hann 6,6 stig á Richter-kvarða (Ms). Verst urðu úti húseignir í Holta- og Landssveit og á Hellu. Fjórum dögum síðar reið annar skjálfti yfir, kl. 01:15. Upptök hans voru við Hestfjall og mældist hann 6,6 stig. Að þessu sinni urðu mestar skemmdir á húsum á Skeiðum og í Gnúpverjahreppi.

Þegar eftir skjálftana þann 17. júní var flutt fréttatilkynning frá VÍ í útvarpi. Þar komu m.a. fram upplýsingar um umfang vátryggingarverndar, hvert koma ætti tjónstilkynningum og hvenær matsmenn hæfu að skoða eignir.² Daginn eftir, þann 18. júní, héldu fulltrúar VÍ fund með Almannavarnanefnd Rangárvallasýslu. Jafnframt var haldinn borgarafundur á Hellu og framkvæmd vettvangskönnun. Þar voru kynntar næstu aðgerðir af hálfu VÍ og dreift til fundarmanna kynningarefni um Viðlagatryggingu.³ Því næst voru helstu tjónastaðir á Hellu skoðaðir og næstu daga skoðuðu matsmenn helstu tjónastaði í Holta- og Landssveit og áfram á Hellu. Markmið vettvangskönnunar var að kanna umfang tjónsins og setja sig í samband við þá sem fyrir mestu tjóni höfðu orðið til að skipuleggja starfið framundan

² Texta fréttatilkynningarinnar í heild sinni er að finna í viðauka 3.

³ Sjá viðauka 4.

og forgangsraða fyrir hina eiginlegu tjónaskoðun sem fyrir lá að yrði afar umfangsmikil. Helgina 24. - 25. júní fór sams konar vettvangskönnun fram á tjónasvæðinu eftir jarðskjálftann 21. júní. Formleg tjónaskoðun byrjaði strax eftir fyrri skjálftann en vegna eftirskjálfta og viðbótarskemmda af völdum seinni skjálftans þurfti að skoða þær eignir aftur sem búið var að skoða.

Unnið var samkvæmt fyrirfram skilgreindri aðgerðaáætlun VÍ vegna stórra tjóns- atburða.⁴ Áætlun þessi tekur m.a. á samráði við Almannavarnir, sveitarstjórnir og fleiri aðila, könnun ástands á hamfarasvæðum, starfi svonefndrar Eignabjörgunarnefndar og störfum tjónamatsmanna.

Í kjölfar erindis Sambands íslenskra tryggingafélaga var haldinn fundur 22. júní 2000 með fulltrúum almennu váttryggingafélaganna og samkomulag gert um þátttöku þeirra í tjónaskoðun þar sem gengið var frá því að þau mætu lausafjártjón (innbú) og minni háttar tjón á húsum sem tengdust innbústjónum. Var gefin út fréttatilkynning af þessu tilefni samdægurs.

Settar voru upp tjónamatsstöðvar á Selfossi og Hellu. Bækistöðin á Selfossi annaðist jafnframt skráningu tjóna, gagnaöflun (þ.m.t. um veðbönd), upplýsingagjöf og gerð tjónauppgjóra. Á Selfossi var jafnframt aðsetur yfirmatsmanns. Greiðsla tjónabóta fór fram í gegnum aðalskrifstofu VÍ í Reykjavík. Fyrstu heildaruppgjör tjónabóta fóru fram þann 3. júlí 2000, en fljótlega eftir skjálftana var byrjað að greiða inn á væntanlegar tjónabætur, einkum vegna innbústjóna.

Tilkynnt hefur verið (ágúst 2002) um tjón á 2319 tjónastöðum, en á einum og sama tjónastað geta verið margir matshlutar auk lausafjártjóns. Í 301 tilfelli reyndist ekki um bótaskyld tjón að ræða eða tjón undir eigin áhættu váttryggðs. Lágmarks eigin áhætta tjónþola í júní árið 2000 var 5% af matsfjárhæð, en þó aldrei lægri en kr. 51.600. Bótaskyld tjón urðu því á 2018 tjónastöðum. VÍ hefur þegar (ágúst 2002) greitt tæplega 2,4 milljarða króna í tjónabætur vegna jarðskjálftanna. Um nánari sundurliðun matsfjárhæða vísast til meðfylgjandi töflu í viðauka 6. VÍ hefur túlkað ákvæði 10. gr. laga nr. 55/1992 um eigin áhættu tjónþola á þann veg að frádráttur vegna eigin áhættu sé aðeins reiknaður einu sinni jafnvel þótt um sé að ræða tjón samkvæmt fleiri en einni váttryggingu, s.s. tjón á byggingum og tjón á lausafé, enda sé um að ræða tjón á sama stað.

4. Verklag við mat á tjónum og uppgjör bóta

Kaflir þessi fjallar einkum um mat og uppgjör vegna þeirra tjóna sem urðu á fasteignum í jarðskjálftunum, en eins og áður hefur komið fram voru sérstakir matsmenn fengnir til þess að meta tjón á lausafé.

Flestir tjónþolar sneru sér til hinna almennu váttryggingafélaga með tjónstilkynningar sínar, en nokkrar tilkynningar bárust þó til lögreglu og beint til VÍ. Fyrstu aðgerðir að fenginni tjónstilkynningu fólust í söfnun upplýsinga um húseignina (teikningar, upplýsingar frá Fasteignamati ríkisins) og skoðun á vettvangi. Að því búnu var unnið mat á umfangi tjóns og bótafjárhæð, sem kynnt var tjónþola á fundi. Tjónþola var síðan gefinn kostur á að koma að athugasemdum. Um meðferð ágreiningsmála sjá kafla 4.2.

Komið hefur fram, að í byrjun hafi verið brögð að því að matsmenn hafi synjað tjónþolum um sundurliðun bótaútreiknings eins og skylt er samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 58. gr. laga nr. 60/1994 um váttryggingarstarfsemi. Stjórn VÍ hafi þó fljótlega tekið á þeim anmarka. Þeir tjónþolar sem þess óskuðu fengu sundurliðaða matsskýrslu.

⁴ Sjá viðauka 5.

4.1. Verklag við tjónaskoðun

Í lögum nr. 55/1992, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 83/1993 um Viðlagatryggingu Íslands, er ráðgert að tjónsmat geti farið fram eftir tveimur leiðum. Í fyrsta lagi getur VÍ kvatt til matsmenn á eigin vegum. Í öðru lagi getur stjórn stofnunarinnar óskað þess að tjón skuli metið af dómkvöddum matsmönnum, en þeirri heimild var ekki beitt í þeim mötum sem hér um ræðir.

Það viðhorf hefur komið fram að samræmi hafi skort í matsframkvæmd og mót verið misjöfn eftir matsmönnum. Allir matsmenn VÍ sem mátu tjón á húseignum voru aðkeyptir verk- og tæknifræðingar. Starfsmenn Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen hf. önnuðust mat á aðaltjónasvæðinu á Hellu og í nágrenni og í Árnessýslu voru flestir matsmenn starfsmenn Almennu verkfræðistofunnar hf. Samkvæmt upplýsingum VÍ unnu allir matsmenn samkvæmt sömu vinnureglum og leiðbeinandi einingaverðskrá og afskriftarreglum.⁵ Leiðbeinandi einingaverð voru byggð á verklýsingum sem voru skýrðar og afhentar matsmönnum á kynningarfundunum í upphafi matsstarfa. Í þeim tilfellum sem kostnaður við viðgerðir húseigna á grundvelli mældra eininga var ekki í samræmi við fyrirfram útreiknuð einingaverð reiknuðu matsmenn út ný verð sem byggðu á viðkomandi forsendum en voru í grundvallaratriðum miðuð við framangreindar útreikningsaðferðir. Á kynningarfundum með matsmönnum var farið yfir alla þætti matsstarfsins, svo sem tryggingamál, notkun einingaverða og afskriftareglna, vinnubrögð á tjónsstað, samskipti við tjónþola og öflun upplýsinga. Matsmenn unnu í langflestum tilfellum tveir saman og voru auk þess hluti af stærri hóp sem vann saman á tjónamatsstöðvum. Að endingu voru öll mót yfirfarin af yfirmatsmanni.

Eins og áður hefur komið fram var samkomulag gert um það á milli VÍ og almennu váttryggingafélaganna að matsmenn þeirra mætu innbústjón og minni háttar húsatjón. Það var einkum í sumarbústöðum sem matsmenn almennu váttryggingafélaganna mátu tjón á byggingum. Á það ber að líta að matsferli við mat á innbúi og öðru lausafjártjóni er frábrugðið matsferli við mat á tjóni á byggingu. Ekki reynir á að metin séu áhrif á burðarþol bygginga þegar innbúi er metið. Í einhverjum tilfellum mun það hafa komið í ljós að endurmeta þurfti tjón þar sem burðarþolsskemmdir komu síðar í ljós.

Við ákvörðun bótafjárhæðar var ekki beitt heimild 2. tl. 16. gr. laga nr. 55/1992 til lækkunar eða brottfalls bóta vegna óforsvaranlegrar gerðar eða viðhalds húss. Hefur komið fram það sjónarmið að stundum hafi ónýtar, úreltar eða úr sér gengnar eignir verið metnar of hátt. Á hinn bóginn hafa aðrir viðmælendur nefndarinnar haldið því fram að altjón hafi verið vanbætt, en sú gagnrýni virðist þó helst lúta að beitingu afskriftareglna, sbr. kafla 4.5. hér á eftir. Á fundi nefndarinnar með yfirmatsmanni VÍ kom fram það álit hans að altjón hafi verið að fullu bætt í öllum tilfellum þar sem eignir voru ekki undirtryggðar samkvæmt brunabótamati.

4.2. Meðferð ágreiningsmála.

Með lögum nr. 55/1992 er kveðið á um lögboðna hamfaratryggingu sem tekin skal hjá tilteknum aðila, VÍ, gegn lögákveðnu iðgjaldi. Enda þótt VÍ hafi starfsleyfi sem váttryggingafélag er réttarsamband váttryggðra og VÍ samkvæmt framansögðu byggt á lagaboði fremur en frjálsum samningi. Þá mæla löggin fyrir um að ágreiningsmálum megi skjóta til ráðherraskipaðrar úrskurðarnefndar. Allt mælir þetta með því að reglur stjórnsýslulaga nr. 37/1993, þ.m.t. ákvæði 7. gr. þeirra laga um leiðbeiningarskyldu, gildi um málsmeðferð og ákvarðanir VÍ varðandi bótauppgjör. Þá er skylt samkvæmt 2. málslíð 1. mgr. 56. gr. laga

⁵ Sjá Viðauka 7 og 8 með skýrslu þessari.

um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994 að upplýsa um hvaða aðilar hafi með höndum þjónustu vegna kvörtunar- eða ágreiningsmála vegna váttryggingarsamnings án þess að skerða rétt hlutaðeigandi til að skjóta málum til dómstóla. Er því ljóst að á starfsmönnum VÍ hvíla skyldur til að upplýsa tjonþola um þau úrræði sem honum standa til boða til að fá niðurstöðu tjonamats endurskoðaða.

Þegar matsniðurstaða liggur fyrir er um tvö málskotsstig að ræða. Í fyrsta lagi má skjóta matsniðurstöðu til stjórnar VÍ. Samkvæmt 19. gr. laga nr. 55/1992 skal stjórn VÍ svo fljótt sem auðið er taka afstöðu til ágreinings um greiðsluskyldu sína og fjárhæð váttryggingabóta. Niðurstaða stjórnar sætir að sínu leyti stjórnarsýslukæru til sérstakrar úrskurðarnefndar skv. 19. gr. laganna. Engin mál vegna Suðurlandsskjálfta hafa gengið til úrskurðarnefndar þegar þetta er ritað.

Samstarfshópur sveitarfélaga á tjonasvæðinu gerði samkomulag við verkfræðistofuna Línuhönnun hf. um sérfræðiráðgjöf til handa tjonþolum. Í þeim tilvikum þegar ágreiningur kom upp varðandi mat voru starfsmenn Línuhönnunar hf. kallaðir til sem nokkurs konar fulltrúar tjonþola og framkvæmd ný skoðun. Í fyrstu atrennu var endurskoðun framkvæmd af sömu matsmönnum, en ef ekki gekk saman með aðilum að lokinni þeirri skoðun, var málinu vísað til yfirmatsmanns á Selfossi. Var með þessu móti reynt af hálfu VÍ að leysa ágreining áður en bætur voru ákvarðaðar. Tilhögun þessi var hugsuð í því skyni að leysa úr ágreiningi með fljótvirkari hætti en unnt hefði verið með hinni formlegu kæruleið.

Samkvæmt upplýsingum frá VÍ var tjonþolum leiðbeint munnlega um fyrrnefndan rétt til að skjóta ágreiningi til úrlausnar stjórnar VÍ. Upplýsingar um kærurétt þennan komu hins vegar ekki fram í skriflegu efni sem tjonþolum var afhent af hálfu stofnunarinnar.

Samkvæmt upplýsingum frá Línuhönnun hf. voru 18 ágreiningsmál afgreidd sameiginlega af tæknilegum ráðgjafa tjonþola og yfirmatsmanni VÍ. Fjögur önnur mál voru leyst fyrir atbeina yfirmatsmanns og framkvæmdastjóra VÍ í samráði við tjonþola og/eða fulltrúa þeirra. Einu máli var skotið til stjórnar VÍ en síðan afturkallað.

4.3. Ágreiningur um viðgerðarhæfi húsa.

Í einhverjum tilvikum hefur komið upp, að byggingarfulltrúar hafi talið hús óviðgerðarhæf, þrátt fyrir að matsmenn hafi talið þau hæf til viðgerða. Ástæða þessa kann að vera sú að matsmenn miði mat sitt við að eign verði komið í sama horf og var fyrir tjonatsburð. Byggingarfulltrúar beiti hins vegar kröfum gildandi byggingarreglugerðar varðandi viðgerðir og frágang þeirra, en þær kröfur geta verið strangari en þær sem giltu er húsið var byggt.

Á Hellu skoðaði byggingarfulltrúi skemmdir fljótlega eftir skjálfta og gerði um þær skýrslu. Afstaða byggingarfulltrúa til þess hvort samþykki fengist fyrir viðgerðum lá því tiltölulega snemma fyrir. Skoðanamunur byggingarfulltrúa og matsmanna um það, hvort um altjón væri að ræða, mun í flestum tilvikum hafa verið leystur eftir viðræður milli þessara aðila.

4.4. Altjón - förgun.

Að teknu tilliti til styrks jarðskjálftanna í júní 2000, má segja að lítið hafi verið um einstök stórfelld tjon, en mikill fjöldi smærri tjóna.⁶ Altjón á íbúðarhúsum, þ.e. þau tilvik þar sem fasteignir voru ekki metnar viðgerðarhæfar, voru 47 talsins. Önnur altjón á byggingum voru 291 talsins. Var þar aðallega um að ræða eldri byggingar, en hús sem byggð voru í samræmi við nútímakröfur stóðust áraunina að mestu.

⁶ Meðalupphæð bótafjár skv. upplýsingum VÍ frá september 2001 nam 1.230.000 kr.

Í nágildandi lögum um VÍ er ekki sérstaklega tilgreint hvernig fara skuli með altjón. Ekki er skilgreint nánar hvað altjón er eða hversu mikið tjón sé til þess að vera metið altjón. Þá er í lögnum ekki að finna heimild til að halda eftir hluta altjónsbóta til að standa undir kostnaði af niðurrifi eða förgun rústa. Ekki er því lagaheimild fyrir VÍ til að ráðstafa hluta bóta í þessum tilgangi. Ekki virðist heldur vera til staðar samræmt eftirlit með því að altjónseignir séu rifnar og dæmi eru um yfirgefna húsgrunna. Hins vegar hefur VÍ haldið skrá yfir þau tjón, þar sem skemmdir hafa orðið á burðarvirki húsa, og sá listi hefur verið sendur Fasteignamati ríkisins og byggingarfulltrúa viðkomandi sveitarfélags.

4.5. Beiting afskrifta.

Við störf VÍ olli vandkvæðum að á tjónasvæðinu var gildandi brunabótamat byggt á tveimur mismunandi matsaðferðum og á hluti þeirra ágreiningsmála, sem upp hafa komið, rót sína að rekja til þessa. Fram til ársins 1994 var brunabótamat alfarið framkvæmt af dómkvöddum matsmönnum sem voru tveir í hverju sveitarfélagi. Það ár tók Fasteignamat ríkisins að mestu við framkvæmd brunabótamats, og var þá afskriftum ekki beitt við matið. Störf hinna dómkvöddu matsmanna byggðu ekki á samræmdri aðferðafræði. Það varð til þess að misræmis gat gætt milli brunabótamats sambærilegra eigna eftir því í hvaða sveitarfélagi þær voru og jafnvel innan sama sveitarfélags eftir því frá hvaða tíma matið var. Að einhverju marki hafði þó afskriftareglum verið beitt í mati hinna dómkvöddu matsmanna. Á þeim tíma sem skjálftarnir urðu hafði einungis 25% af gildandi brunabótamati á landinu verið framkvæmt af Fasteignamati ríkisins, afgangurinn eða 75% var unnið af dómkvöddum matsmönnum víða um land. Þá hafði ekki verið hrundið í framkvæmd lögum nr. 34/1999 um breytingu á lögum um brunatryggingar nr. 48/1994 þar sem berum orðum var mælt fyrir um afskriftir í brunabótamati sem taka skyldu tillit til aldurs, slits, viðhalds og ástands eignar að öðru leyti. Af framansögðu leiðir að brunabótamöt gátu verið tvenns konar, þ.e. nývirðismat eða mat að teknu tilliti til afskrifta, eftir því hvenær mat var framkvæmt.

Brunabótamat jafngildir váttryggingarfjárhæð brunatryggingar og einnig viðlagatryggingar, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 55/1992. Samkvæmt nágildandi lögum um brunatryggingar skal brunabótamat taka til þeirra efnislegu verðmæta húseignarinnar sem eyðilagst geta af eldi og miðast við byggingarkostnað að teknu tilliti til aldurs, slits, viðhalds og ástands eignar að öðru leyti. Þá er mælt fyrir um í 4. gr. reglugerðar um lögboðna brunatryggingu húseigna, nr. 809/2000, að brunabótamat miðist við að váttrygging taki til húseignar ásamt venjulegu fylgifé slíkrar eignar að viðbættum eðlilegum kostnaði sem matskerfi og verk-lagsreglur Fasteignamats ríkisins mæla fyrir um á hverjum tíma. Váttryggingarfjárhæð segir til um hámark þeirra bóta, sem greiddar verða vegna váttryggingarinnar, en gefur hins vegar ekki til kynna hverjar raunverulegar tjónabætur kunna að verða. Mörgum váttryggingar-tökum hættir hins vegar til að líta á váttryggingarfjárhæð sem vísbendingu um fjárhæð tjónabóta. Þessi misskilningur er útbreiddur og er í raun hluti af stærra vandamáli, en einskorðast ekki við viðlagatryggingu. Þegar brunabótamat miðast við nývirði, eins og sum eldri möt gerðu, kann tjónpóli að hafa væntingar til þess að fá greidda fjárhæð sem svarar til endurbyggingarkostnaðar án tillits til afskrifta.

Hinn 15. júní 2001 var fasteignaeigendum tilkynnt um fyrirhugað endurmat Fasteignamats ríkisins á brunabótamati og fasteignamati þorra allra fasteigna á landinu. Tilgangur endurmats brunabótamats var tvenns konar; annars vegar að meta allar húseignir samkvæmt matsaðferðum stofnunarinnar til þess að ná fram samræmi í brunabótamati þannig að eins húseignir hafi jafnhátt mat og hins vegar til að innleiða afskriftir í brunabótamati í samræmi við ákvæði laga nr. 34/1999. Þótt það snerti ekki beint umfjöllunarefni skýrslu þessarar þykir rétt að geta þess hér að af 139.000 fasteignum sem endurmetnar voru, hafa 9.700 húseigendur gert athugasemdir við endurmat brunabótamats. Af þessum fjölda voru enn óafgreiddar um 4.400 athugasemdir þann 1. október 2002.

Áður en lagabreytingum um brunatryggingar frá árinu 1999 var hrundið í framkvæmd með endurmatinu 2001 var brunabótamat Fasteignamats ríkisins fundið með þeim hætti að reiknað var endurstofnverð⁷ viðkomandi húss og bætt við upphæð sem nemur áætluðum kostnaði við hreinsun brunarústa, en það er óhjákvæmilegur þáttur við endurbyggingu húss sem brunnið hefur. Með endurmatinu 2001 varð engin breyting á aðferðafræði við brunabótamat nýbyggðra húsa. Brunabótamat þeirra er eftir sem áður endurstofnverð að viðbættum kostnaði við hreinsun brunarústa. Samkvæmt könnunum Fasteignamats ríkisins nemur sá kostnaður nú að jafnaði u.þ.b. 10% af endurstofnverði hússins. Það sem breyttist við endurmatið 2001 var að afskriftir hafa áhrif á endurstofnverðið fyrir hvert ár sem liðið er frá því að húsið var reist. Framvegis verða því reiknaðar afskriftir einu sinni á ári fyrir öll hús. Liðurinn sem nemur áætluðum kostnaði við hreinsun brunarústa er hins vegar ávallt 10% af endurstofnverði hússins enda er hann óháður því hvort húsið er gamalt og slítið eða nýtt.

Í framkvæmd hefur verið tekið tillit til verðyrnunar vegna aldurs og slits við uppgjör bóta. Er þetta í samræmi við þá meginreglu váttryggingarréttarins er kemur fram í 37. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga, að eingöngu skuli bætt rauntjón. Lög nr. 20/1954 gilda um framkvæmd laga nr. 55/1992 ef ekki er öðruvísi ákveðið í þeim sjálfum, sbr. 25. gr. laga nr. 55/1992. Beiting afskrifta er því tvímælalaust heimil samkvæmt gildandi lögum.

Í samræmi við framangreint verða að teljast hverfandi líkur á því að beita þurfi ákvæðum 37. gr. laga nr. 20/1954 við ákvörðun bóta vegna hamfara, því afskriftir hafa nú verið innleiddar í brunabótamat í öllum tilvikum.

5. Niðurstöður

Miðað við umfang þess tjóns sem varð í jarðskjálftunum á Suðurlandi í júní 2000 hefur ekkert komið fram um það að verklagi VÍ við mat á tjónum og uppgjör bóta hafi verið verulega ábótavant. Ekki verður séð að fjöldi ágreiningsmála varðandi tjónamat hafi verið meiri en vænta mátti, sbr. það sem áður hefur komið fram að gildandi brunabótamat á jarðskjálftasvæðunum byggði á tveimur mismunandi matsaðferðum. Nokkrir hnókrar voru þó á framkvæmd og verða þeir raktir hér.

- Starf VÍ var unnið á grundvelli fyrirfram gerðrar aðgerðaáætlunar og var það mál viðmælenda nefndarinnar að viðbrögð stofnunarinnar hefðu almennt verið hröð. Hins vegar virðist hafa skort á að áætlunin tæki til starfa skoðunarmanna frá almennu váttryggingafélögunum. Nauðsynlegt er, að í aðgerðaáætlun komi skýrt fram, hvert skuli vera hlutverk almennra váttryggingafélaga þegar hamfarir verða, og að samið sé fyrir fram um aðkomu félaganna eftir því sem kostur er.
- Við meðferð ágreiningsmála var leitast við að jafna ágreining, áður en kom til endanlegrar ákvarðanatöku um tjónamat. Var þetta gert mögulegt m.a. með því framtaki sveitarfélaga að útvega tjónþolum utanaðkomandi sérfræðiaðstoð. Nefndin fellst á að þetta verklag hafi trúlega gert það kleift að fá niðurstöðu í fleiri ágreiningsmál með fljótvirkari hætti en verið hefði, ef öll deilumál hefði farið í hinn formlega málskotsfarveg, sem boðinn er í lögum nr. 55/1992.

⁷ Endurstofnverð Fasteignamats ríkisins er áætlaður heildarbyggingarkostnaður húsa, án opinberra gjalda og án kostnaðar við lóðarfrágang. Með opinberum gjöldum er átt við gatnagerðargjald, byggingarleyfisgjald, skipulagsgjald, heimæðargjald hitaveitu, heimtaugargjald rafmagns og gjald fyrir vatns- og skolplögn að lóð.

Á hitt er að líta, að ef til þess kemur að tjónþoli vilji skjóta ágreiningi til formlegrar ákvörðunar stjórnar VÍ og eftir atvikum til úrskurðarnefndar, sbr. 19. gr. laga nr. 55/1992, er ferillinn við úrlausn ágreinings orðinn langur. Nauðsynlegt er því að tjónþolum sé strax í upphafi gerð grein fyrir rétti sínum til málskots, og að þeim sé ekki skylt að hlíta þeirri málsmeðferð sem áður var lýst. Slíkt væri í samræmi við meginreglur um upplýsingaskyldu váttryggingafélaga samkvæmt 56. gr. laga nr. 60/1994 um váttryggingastarfsemi.

- Stjórn VÍ hefur ekki sett formlegar reglur um meðferð og afgreiðslu bótamála, svo sem boðið er í 1. málslíð 1. mgr. 15. gr. laga nr. 55/1992. Nefndin telur brýnt að hugað verði að setningu slíkra reglna til fyllingar ákvæðum laga nr. 55/1992 og reglugerðar nr. 83/1993. Setning reglna myndi auka gagnsæi í stjórnarsýslu stofnunarinnar og gera tjónþolum auðveldara að glöggva sig á réttarstöðu sinni.
- Við bótaákvörðun í tjónum vegna Suðurlandsskjálfta hefur af hálfu VÍ ekki verið beitt heimild til lækkunar eða brottfalls bóta sbr. 2. tl. 16. gr. laga nr. 55/1992 vegna óforsvaranlegrar gerðar eða viðhalds húss. Af hálfu VÍ hefur verið bent á, að ekki hefði verið óeðlilegt að beita ákvæðum til lækkunar varðandi ýmis eldri útihús en á móti hafi komið að þau voru langflest í mjög lágu mati sem aðeins stóð undir förgunarkostnaði. Á það sé að líta að fremur erfitt er að skilgreina hvenær gerð húss telst óforsvaranleg, t.d. þegar litið er til húsa sem byggð voru á fyrri hluta síðustu aldar og ljóst að standast ekki nútímakröfur. Matsmenn VÍ hafi einkum horft til grófra frávíka frá byggingarreglugerð nr. 292 frá 1979, síðar reglugerð nr. 441/1998, varðandi byggingar byggðar eftir þann tíma.

Þrátt fyrir framangreint telur nefndin koma til álita að settar verði reglur um beitingu heimildar til lækkunar eða brottfalls bóta sbr. 2. tl. 16. gr. laganna vegna óforsvaranlegrar gerðar eða viðhalds húss. Þar sem matsreglur Fasteignamats ríkisins, sbr. lög nr. 48/1994 um brunatryggingar, taka nú á þáttum á borð við slit, viðhald og ástand eignar, er ljóst að úrræði 2. tl. 16. gr. yrði aðeins beitt í undantekningartilvikum. Reglur um beitingu lækkunarheimildar gætu myndað hluta almennra reglna um meðferð og afgreiðslu bótamála á grundvelli 1. mgr. 15. gr. laga nr. 55/1992.

- Nauðsynlegt er að tryggja samráð og upplýsingastreymi milli matsmanna VÍ og byggingarfulltrúa varðandi viðgerðarhæfi húsa.
- Samkvæmt 2. málslíð 1. mgr. 15. gr. laga nr. 55/1992 er stjórn VÍ heimilt að fela almennum váttryggingafélögum uppgjör bótakrafna. Telur nefndin flest mæla með því að samið verði við almennu váttryggingafélögin um að ganga frá lausfjártjónum, þ.e. meta þau og gera upp við tjónþola. Slíkt myndi minnka álag á VÍ.

Í skipunarbréfi nefndarinnar var tilgreint að nefndin skyldi gera tillögur til úrbóta ef það yrði niðurstaða hennar að eitthvað það væri í framkvæmd VÍ sem kallaði á breytt vinnubrögð. Þá var nefndinni enn fremur falið að meta hvort hamfaratryggingar ættu betur heima hjá almennu váttryggingafélögunum en hjá VÍ.

- Á fundum nefndarinnar var rætt hvort nauðsyn beri til að viðlagatrygging sé boðin af váttryggjanda í opinberri eigu eða hvort slík váttrygging geti alveg eins verið boðin af almennu váttryggingafélögunum. Álitafni þetta er sjálfstætt og ekki háð því hvort

viðlagatrygging er lögboðin. Sé litið til tilurðar þess fyrirkomulags sem Íslendingar búa við á þessu sviði svo og hvenær það var sett á laggirnar, blandast engum hugur um að nauðsyn var að byggja upp það öflugt kerfi að ekki kæmi til verulegrar efna-hagslegrar röskunar við náttúruhamfarir. Segja má að lögboðin viðlagatrygging liggi mitt á milli almennra eignatrygginga og hins almenna öryggisnets almannatrygginga og samhjálp. Þegar kerfinu var komið á, var enda þátttaka hins opinbera í váttryggingarekstri veruleg bæði með beinum og óbeinum hætti. Ríkisvaldið hefur nú dregið sig í hlé á þessum markaði, ef frá er talin VÍ. Nefndin er sammála um, að meðan lagaramminn um hina lögboðnu viðlagatryggingu er óbreyttur, sé ekki raunhæft að vænta þess að hin almennu váttryggingafélög geti eða vilji bjóða hana. Hér kemur einkum til sú staðreynd, að iðgjald viðlagatryggingar er lögákveðið og engin heimild er fyrir váttryggingendur til að miða iðgjald við raunkostnað eða til að skipta váttryggingartökum í áhættuflokka. Þá má gera ráð fyrir, að kostnaður við endurtryggingu áhættunnar yrði meiri, ef almennu váttryggingafélögin keyptu hana sitt í hverju lagi samanborið við núverandi fyrirkomulag, þar sem VÍ kaupir endurtryggingu fyrir allar eignir landsmanna og hefur auk þess sjálfskuldarábyrgð frá ríkissjóði á lán-tökum vegna eigin áhættu.

- Eins og fram hefur komið í skýrslu þessari kaupir VÍ endurtryggingarvernd á erlend-um endurtryggingarmarkaði. Nauðsynlegt er að endurtryggingarþörf VÍ sé metin reglulega, m.a. í ljósi þess að hamfarir fjarri starfsvettvangi VÍ hafa afgerandi áhrif á kjör á erlendum endurtryggingarmörkuðum.
- Nefndin velti upp þeirri spurningu hvort viðhalda ætti lögboðinni viðlagatryggingu vegna íbúðarhúsnæðis en afnema skyldu til þess að viðlagatryggja aðrar eignir og brunatryggt lausafé. Breyting í þessa veru var gerð á nýsjálandsku viðlagatryggingunni árið 1993 vegna stórhækkaðrar ábyrgðar og endurtryggingariðgjalda, en stórborgir þar í landi eru á þekktum stórskjálftasvæðum. Á sama tíma var sett hámark á bætur vegna íbúðarhúsnæðis. Ekki hefur verið gagnrýnt hérlendis að vernd viðlagatryggingar sé of mikil og þess vegna beri að draga úr henni. Fyrir daga Vestmannaeyjagoss og VÍ var næsta fátítt að fyrirtæki og einstaklingar keyptu hamfaratryggingar sem auk þess voru fremur dýrar. Þegar viðlagatrygging var sett á laggirnar má segja að almenn samstaða hafi ríkt um nauðsyn þess að allir húseigendur tækju þátt á sama grundvelli án tillits til áhættu. Ekki verður heldur fram hjá því horft, að umfangsmikið tjón á atvinnuhúsnæði getur haft víðtækar þjóðfélagslegar afleiðingar í för með sér, sem mælir gegn því að fasteignaeigendum sé gefinn kostur á að taka áhættu í þessum efnum. Jafnframt má hafa hliðsjón af því, að við síðustu endurskoðun löggjafar um brunatryggingar árið 1999 kom til álitá að fella brott brunatryggingarskyldu af atvinnuhúsnæði. Þeir hagsmunaaðilar, sem létu álit sitt í ljósi við það tækifæri, voru almennt mótfallnir því að gildandi fyrirkomulagi væri breytt. Þegar allt framangreint er metið, mælir nefndin því ekki með þrengingu á gildissviði laga nr. 55/1992 hvað snertir skyldu til váttryggingar.
- Þá velti nefndin enn fremur upp þeirri spurningu hvort afnema bæri lögboðna viðlagatryggingu vegna frístundahúsnæðis (sumarbústaða) og brunatryggingar lausafjár. Benda má á, að þau almannahagsmunasjónarmið sem mæla með lögboðinni viðlagatryggingu á íbúðarhúsnæði hafi ekki jafnmikið vægi þegar kemur að frístundahúsnæði og lausafé. Nefndin telur hins vegar æskilegt að samræmi sé milli umfangs brunatryggingar og viðlagatryggingar, eftir því sem kostur er. Er því ekki gerð tillaga um breytt gildissvið laga hvað þetta varðar.

- Óháð því álitaefni hvort viðlagatrygging skuli vera lögboðin eða ekki og hvort hún skuli vistuð hjá váttryggingafélagi í opinberri eigu eða hjá hinum almennu váttryggingafélögum, telur nefndin að styrkja beri lagaramma um váttrygginguna á ýmsan hátt. Má nefna hér atriði eins og förgun rústa og að tryggt sé að viðgerðir séu í raun framkvæmdar þegar um hlutafjón er að ræða. Þá hafa ábendingar borist viðskiptaráðherra um að huga þurfi að ákvæðum laga nr. 55/1992 er lúta að mannvirkjum þeim sem ekki eru jafnframt brunatryggð, svo sem hafnarmannvirkjum.

6. Tillögur

Með vísan til framangreindra niðurstaðna setur nefndin fram eftirfarandi tillögur:

6.1. Tillögur er lúta að lagaumhverfi um VÍ:

- Mælt er með því að VÍ fái heimild í lögum til að halda eftir altjónsbótum til að standa straum af förgun og rústahreinsun.
- Þá telur nefndin rétt að sett verði í lög ákvæði sem heimila stofnuninni að tilskilja að bótum vegna hlutafjóns sé í raun varið til viðgerða á hinn váttryggnu eign.

6.2. Tillögur er lúta að starfsemi og stjórnýslu VÍ.

- Útbúin verði ný aðgerðaáætlun, þar sem skilgreind verði viðbrögð VÍ í tilviki helstu meiri háttar hamfara. Aðgerðaáætlun þessa skal m.a. kynna váttryggingafélögum, sveitarfélögum eða samtökum þeirra og almannavarnayfirvöldum.
- Uppfyllt verði fyrirmæli 1. málslíðar 1. mgr. 15. gr. laga nr. 55/1992 um setningu reglna varðandi meðferð og afgreiðslu bótamála. Reglur þessar skulu vera almennt aðgengilegar, m.a. á Netinu. Í reglunum verði m.a. kveðið á um eftirfarandi:
 1. Beitingu heimildar til lækkunar eða brottfalls bóta skv. 2. tölulið 16. gr. laganna vegna óforsvaranlegrar gerðar eða viðhalds húss.
 2. Verkaskiptingu matsmanna og hæfiskröfur til matsmanna varðandi einstaka flokka verkefna.
 3. Samskipti við byggingarfulltrúa varðandi viðgerðarhæfi húsa, áður en hlutafjónsbætur eru gerðar upp.
- Samdar verði skriflegar upplýsingar til tjónþola um málsmeðferð og kæruleiðir í matsferlinu.

Viðaukar:

1. Lög nr. 55/1992, um Viðlagatryggingu Íslands, með síðari breytingum
2. Reglugerð nr. 83/1993 um Viðlagatryggingu Íslands
3. Fréttatilkynning VÍ 17. júní 2000
4. Upplýsingar um VÍ sem dreift var á borgarafundi á Helli 18. júní 2000
5. Aðgerðaáætlun VÍ vegna stórra tjónsatburða (kynnt á stjórnarfundi VÍ í janúar 1995)
6. Tafla yfir bótaskyld tjón
7. Leiðbeinandi einingaverðskrá
8. Afskriftareglur (mynd)
9. Verklýsingar til viðmiðunar í tjónamati
 - a. Steyptar botnplötur
 - b. Undirstöður
 - c. Steyptir útveggir
 - d. Steyptir innveggir
 - e. Hlaðnir innveggir

Viðauki 1.**Lög um Viðlagatryggingu Íslands**

1992 nr. 55 2. júní

Hlutverk og stjórn.

1. gr. Hlutverk Viðlagatryggingar Íslands er að váttryggja gegn tjóni af völdum náttúruhamfara sem nefndar eru í 4. gr. laga þessara.

Heimili hennar er í Reykjavík.

2. gr. Stjórn stofnunarinnar skipa fimm menn. Skulu þrír kosnir af Alþingi, einn valinn af þeim váttryggingafélögum sem innheimta iðgjöld, sbr. 3. mgr. [10. gr.],¹⁾ en [ráðherra]²⁾ skipar einn og skal hann vera formaður. Varamenn skulu valdir á sama hátt. Stjórnarmenn skulu skipaðir til fjögurra ára í senn.

¹⁾L. 35/1995, 1. gr. 2) L. 10/1995, 2. gr.

Ávöxtun fjár og ársreikningar.

3. gr. Stjórn stofnunarinnar skal annast vörslu og ávöxtun fjár eða bókhald hennar eða gera samkomulag við aðila á váttryggingarsviði um vörslu og ávöxtun fjár og/eða bókhald stofnunarinnar. Við ávöxtun skal stjórnin leitast við að tryggja verðgildi fjárins og áhættudreifingu svo sem unnt er á hverjum tíma.

Ársreikningar skulu endurskoðaðir af tveimur skoðunarmönnum. Annar þeirra skal tilnefndur af ráðherra, en hinn valinn af stjórn stofnunarinnar. Skal hinn síðarnefndi vera lög-giltur endurskoðandi. Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið og skulu reikningar hennar birtir árlega í Lögbirtingablaði.

Áhætta sem váttryggt er gegn.

4. gr. Viðlagatrygging Íslands skal váttryggja gegn beinu tjóni af völdum eftirtalinnna náttúruhamfara: eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða. Í reglugerð skal skilgreint nánar hvað felist í 1. málsl.

Eignir sem skylt er að váttryggja.

5. gr. Skylt er að váttryggja allar húseignir og lausafé sem er brunatryggt hjá váttryggingafélagi sem starfsleyfi hefur hér á landi. Váttryggingarskyldan nær einnig til lausafjár sem váttryggt er almennri samsettri váttryggingu er innifelur brunatryggingu, enda flokkist slík váttrygging undir eignatryggingar samkvæmt [22. gr. laga nr. 60/1994, um váttrygginga-starfsemi].¹⁾ Sé brunatrygging á lausafé innifalin í aláhættutryggingu (all risks váttryggingu) eða sértryggingu, t.d. fiskeldistryggingu, skal lausaféð ekki viðlagatryggt, nema með sérstöku samþykki stjórnar stofnunarinnar.

Einnig er skylt að váttryggja neðangreind mannvirki þótt þau séu ekki brunatryggð:

1. Hitaveitur, vatnsveitur og skolpveitur í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs.
2. Hafnarmannvirki í eigu sveitarfélaga eða ríkissjóðs.
3. Brýr sem eru 50 m eða lengri.

4. Raforkuvirki, þar á meðal dreifikerfi, stíflur og veitumannvirki, í eigu hins opinbera.
5. Síma- og fjarskiptamannvirki í eigu hins opinbera.
- [6. Skíðalyftur.]²⁾

Vátryggja má eignir, sem nefndar eru í 2. mgr., annars staðar en hjá Viðlagatryggingu Íslands.

Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um vátryggingarskyldu eftir 2. mgr., þar á meðal skal tilgreina hvaða flokkar muna teljist til greindra mannvirkja.

¹⁾L. 84/1998, 6. gr. ²⁾L. 35/1995, 2. gr.

Eignir sem heimilt er að vátryggja.

6. gr. ...¹⁾

¹⁾L. 35/1995, 3. gr.

7. gr. Nú berst vátryggingafélagi beiðni um brunatryggingu á fasteign eða lausafé sem almennt er ekki venja að brunatryggja eða hætta á brunatjóni er mjög óveruleg og skal félagið þá leita samþykkis stofnunarinnar áður en viðlagaiðgjald er reiknað af vátryggingunni. Sé ákvæðis þessa ekki gætt telst hinn brunatryggði hlutur ekki viðlagatryggður.

8. gr. Mannvirki, sem reist er gegn banni yfirvalda eða andstætt ákvæðum í settum rétti þannig að ætla má að mannvirkinu sé af þeirri ástæðu hættara við skemmdum af náttúruhamförum en ella, er óheimilt að viðlagatryggja hvort sem það er brunatryggt eða ekki.

Vátryggingarfjárhæð.

9. gr. Vátryggingarfjárhæðir skulu ákveðnar þannig:

1. Allir munir, sem brunatryggðir eru, skulu viðlagatryggðir fyrir sömu fjárhæð og brunatryggingin nemur á hverjum tíma.
2. Ráðherra setur að fengnum tillögum stjórnar stofnunarinnar reglur um ákvörðun vátryggingarfjárhæðar fyrir aðra muni, sbr. 2. mgr. 5. gr. ...¹⁾

¹⁾L. 35/1995, 4. gr.

Eigin áhætta vátryggðs.

10. gr. Eigin áhætta vátryggðs skal vera 5% af hverju tjóni, þó eigi lægri fjárhæð en hér segir:

1. Lágmark eigin áhættu vegna muna, sem vátryggðir eru skv. 1. mgr. 5. gr., er 40.000 kr.
2. Lágmark eigin áhættu vegna muna, sem vátryggðir eru skv. 2. mgr. 5. gr., er 400.000 kr.
3. ...¹⁾

Ofangreindar lágmarksfjárhæðir skulu umreiknast til samræmis við gildandi vísitölu byggingarkostnaðar á hverjum tíma.

¹⁾L. 35/1995, 5. gr.

Iðgjöld.

11. gr. Árleg iðgjöld skal reikna sem hér segir:

1. Af munum, sem váttryggðir eru skv. 1. mgr. 5. gr., 0,25%.
2. [Af munum sem váttryggðir eru skv. 1.–5. tölul. 2. mgr. 5. gr., 0,20%.]¹⁾
3. [Af munum, sem váttryggðir eru skv. 6. tölul. 2. mgr. 5. gr., reiknast iðgjald eftir reglum sem stjórn stofnunarinnar setur.]¹⁾

Fari hrein eign niður fyrir 1% af áætluðum váttryggingarfjárhæðum í lok almanaksárs er stjórn stofnunarinnar heimilt að innheimta iðgjöld skv. 1. og 2. mgr. 5. gr. með 50% álagi þar til 2%-markinu er náð.

Váttryggingafélög þau, er brunatryggja muni sem váttryggðir eru hjá stofnuninni, sbr. 1. mgr. 5. gr., skulu innheimta iðgjöld til hennar ásamt brunatryggingariðgjöldum, enda skulu þau hafa sama gjalddaga. Í reglugerð skal kveðið á um bókhald og skil á iðgjöldum frá félögnum. Um aðgang stofnunarinnar að gögnum váttryggingafélaga fer eftir ákvæðum 24. gr.

Iðgjöld af viðlagatryggingu annarra muna, sbr. 2. mgr. 5. gr. ...,¹⁾ skulu reiknuð út og innheimt á vegum stofnunarinnar.

Iðgjöld af viðlagatryggingum njóta lögtaksréttar. Þau njóta einnig lögveðréttar í váttryggðri eign. Heimilt er að krefjast nauðungarsölu eignarinnar án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms til fullnustu iðgjalds sem er í vanskilum.

¹⁾L. 35/1995, 6. gr.

Tilkynning um tjón.

12. gr. Þegar váttryggingaratburður hefur gerst skal váttryggður þegar í stað tilkynna það stofnuninni eða váttryggingafélagi því sem selt hefur honum váttrygginguna.

Váttryggingafélag, sem fær slíka tilkynningu, skal tafarlaust tilkynna stofnuninni um váttryggingaratburðinn. Þegar stofnunin fær vitneskju um tjón sem ætla má að viðlagatrygging taki til skal svo fljótt sem unnt er gera ráðstafanir til að fá úr því skorið hvort bæta skuli tjónið og eftir atvikum láta meta það.

Ráðstafanir til að afstýra tjóni.

13. gr. Hafi váttryggingaratburð borið að höndum tekur stofnunin afstöðu til þess hvort gera þurfi sérstakar ráðstafanir til björgunar váttryggðra muna eða til að hindra frekara tjón. Slíkar ráðstafanir skulu, svo sem kostur er, gerðar í samvinnu við almannavarnir.

Ákvæði 1. mgr. leysa váttryggðan ekki undan skyldum til að gera ráðstafanir til að varna tjóni eftir lögum um váttryggingarsamninga.

Váttryggingarstaður.

14. gr. Sé váttryggður hlutur annars staðar en greint var er váttrygging á honum var tekin þegar váttryggingaratburð ber að höndum skal réttur til bóta fara eftir ákvæðum 83. gr. laga nr. 20/1954, um váttryggingarsamninga, eftir því sem við á. Ákvæði 83. gr. um 10.000 kr. hámark bóta skal þó ekki beita.

Reglur 1. mgr. eiga við án tillits til ákvæða í brunatryggingarsamningi um bætur fyrir skemmdir á munum sem eru utan váttryggingarstaðar.

Greiðsluskylda Viðlagatryggingar og afgreiðsla bótamála.

15. gr. Stjórn stofnunarinnar skal setja reglur um meðferð og afgreiðslu bótamála. Heimilt er stjórninni að fela váttryggingafélögum uppgjör bótakrafna.

Setja skal með reglugerð ákvæði um matsmenn og meginreglur um ákvörðun váttryggingabóta.

16. gr. Heimilt er að lækka bætur eða synja alveg bótakröfu:

1. Þegar hús eða annað mannvirki, sem skemmist, er reist á stað sem almennt var vítað fyrir fram að var hættulegur með tilliti til náttúruhamfara, t.d. ef mannvirki á sama stað hefur oftast en einu sinni orðið fyrir sams konar tjóni. Sama á við um lausafé sem geymt er í húsi eða öðru mannvirki við þær aðstæður sem hér greinir.

2. Þegar gerð eða viðhald húss eða annars váttryggðs hlutar er óforsvaranlegt eða andstætt fyrirmælum í settum rétti og ljóst er að tjón hefur hlotist af eða orðið víðtækara af þessum sökum.

17. gr. Váttryggingabætur skulu inntar af hendi svo fljótt sem unnt er, sbr. 1. og 2. mgr. 24. gr. laga nr. 20/1954, um váttryggingarsamninga.

18. gr. Heildargreiðsluskylda Viðlagatryggingar Íslands vegna hvers váttryggingaraburðar takmarkast við 7,5% af samanlögðum váttryggingarfjárhæðum sem í gildi eru við upphaf váttryggingaraburðarins. Frá 1. janúar 1994 takmarkast greiðsluskylda við 10% af samanlögðum váttryggingarfjárhæðum.

Nemi bætur vegna sama váttryggingaraburðar hærri fjárhæð en í 1. mgr. segir skal hlutur allra váttryggðra, sem tjón bíða, skerðast í sama hlutfalli.

19. gr. Svo fljótt sem auðið er skal stjórn stofnunarinnar taka afstöðu til ágreinings um greiðsluskyldu sína og fjárhæð váttryggingabóta. Stjórn stofnunarinnar skal úrskurða um ágreiningsefni og vilji tjónþoli ekki setta sig við úrskurð stofnunarinnar getur hann, innan 30 daga frá því að honum barst tilkynning stjórnarinnar, skotið ágreiningnum til úrskurðarnefndar. Nefndin skal skipuð af ráðherra. Fjórir menn skulu eiga sæti í nefndinni. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar og skal hann vera formaður. Annar skal skipaður eftir tilnefningu Veðurstofu Íslands, hinn þriðji af Háskóla Íslands og hinn fjórði án tilnefningar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Nefndinni er heimilt að leita aðstoðar sérfræðinga ef ástæða þykir.

Endurtrygging og lántökuheimild.

20. gr. Heimilt er stofnuninni að endurbyggja áhættu sína innan lands eða erlendis.

Nú hrökkva eignir stofnunarinnar að viðbættu fé frá endurbyggjendum ekki til þess að greiða bætur samkvæmt lögum þessum og er stjórn stofnunarinnar þá heimilt með samþykki ráðherra að taka lán til þess að geta fullnægt skuldbindingum stofnunarinnar.

Ríkissjóður ber sjálfskuldarábyrgð á slíkum lánnum.

Ýmis ákvæði.

21. gr. Stjórn stofnunarinnar er heimilt að veita fé til rannsókna og til að styrkja framkvæmdir sem ætlað er að varna eða draga úr tjóni af völdum náttúruhamfara. [Enn fremur er stjórninni heimilt að veita styrki til fræðslu- og þjálfunarmála þeirra landssamtaka sem hafa samstarfssamning við Almannavarnir ríkisins um skipun hjálparliðs.]¹⁾ Árleg heildarfjárveiting í þessu skyni má þó ekki vera meiri en 5% af bókfærðum iðgjöldum síðasta árs.

¹⁾L. 35/1995, 7. gr.

22. gr. Viðlagatrygging Íslands er undanþegin greiðslu tekjuskatts og eignarskatts, svo og útsvars og aðstöðugjalds. Eigi skal greiða stimpilgjald af skjölum stofnunarinnar.

23. gr. Stjórnin semur við váttryggingafélög og aðra sem annast störf fyrir stofnunina samkvæmt lögum þessum.

Verði ágreiningur um þóknun váttryggingafélags skal leyst úr honum með gerðardómi þriggja manna. Hvor aðili tilnefnir einn mann í dóminn. Þessir gerðarmenn velja síðan oddamann sem verður formaður dómsins. Formaður skal fullnægja sérstökum hæfisskilyrðum héraðsdómara til meðferðar einstaks máls. Nú er gerðarmaður ekki tilnefndur innan 15 daga frá því að þess var krafist eða gerðarmenn koma sér ekki saman um oddamann og skal þá fara eftir lögum um sammingsbundna gerðardóma. Ákvæðum þeirra laga skal og beita um önnur atriði eftir því sem við getur átt.

24. gr. Viðlagatrygging Íslands getur krafist váttryggingafélög um hvers konar gögn og upplýsingar er varða störf þeirra fyrir stofnunina. Stofnunin á einnig rétt á að fá á venjulegum skrifstofutíma óhindraðan og tafarlausan aðgang að bókhaldi félaganna og öðrum gögnum varðandi iðgjöld af viðlagatryggingu.

25. gr. Ef eigi leiðir annað af lögum þessum skal beita reglum laga um váttryggingarsamninga eftir því sem við getur átt.

26. gr. [Ráðherra]¹⁾ skal að fengnum tillögum stjórnar Viðlagatryggingar Íslands setja reglugerð²⁾ með nánari ákvæðum um framkvæmd laga þessara.

¹⁾L. 10/1995, 2. gr. ²⁾Rg. 83/1993.

27. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993 ...

[Ákvæði til bráðabirgða.

I. ...]¹⁾

¹⁾L. 35/1995, 8. gr.

[II. Á árunum 1995–99 skal innheimta 10% álag á iðgjöld skv. 10. gr. Tekjur af þessu álagi á iðgjöld skulu renna í ofanflóðasjóð, sbr. 10. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, nr. 28/1985. Um innheimtu þessa gjalds fer skv. 10. gr.]¹⁾

¹⁾L. 36/1995, 1. gr.

Viðauki 2.

REGLUGERÐ, nr. 83

um Viðlagatryggingu Íslands

1. gr.

Hættur þær, sem váttryggt er gegn með viðlagatryggingu, sbr. 4. gr. laga nr. 55/1992 um Viðlagatryggingu Íslands eru þessar:

1. Eldgos, t.d. er hraun eða gjóska veldur skemmdum eða eyðileggingu á váttryggðum munum.
2. Jarðskjálfti, sem veldur skemmdum eða eyðileggingu á váttryggðum munum.
3. Skriðufall, þ.e. þegar skriða úr fjalli eða hlíð fellur skyndilega á váttryggða muni með þeim afleiðingum að þeir skemmast eða eyðileggjast.
4. Snjóflóð merkir snjóskriðu, sem fellur skyndilega úr fjalli eða hlíð á váttryggða muni með þeim afleiðingum að þeir skemmast eða eyðileggjast. Það telst ekki vera snjóflóð, þótt þak eða veggir húss sligist eða brotni undan snjó, sem safnast á eða að húsi vegna snjókomu, skafrennings eða foks. Sama á við um aðra muni, sem skemmast með svipuðum hætti.
5. Vatnsflóð merkir flóð, er verður þegar ár eða lækir flæða skyndilega yfir bakka sína eða flóðbylgjur frá sjó eða vötnum ganga á land og valda skemmdum eða eyðileggingu á váttryggðum munum. Árleg eða reglubundin flóð úr ám, lækjum, sjó eða vötnum teljast hér ekki vatnsflóð. Sama á við um venjulegt leysingavatn eða flóð, sem að einhverju eða öllu leyti verður af mannavöldum, t.d. þegar vatnsgeymar, stíflugarðar eða önnur mannvirki breyta af öðrum ástæðum en náttúruhamförum.

Skemmist váttryggðir munir af eldsvoða, sem beinlínis verður rakinn til einhverra ofangreindra náttúruhamfara, skal Viðlagatrygging Íslands greiða bætur fyrir tjónið.

2. gr.

Almennar samsettar lausafjártryggingar, sem flokkast undir eignatryggingar, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands, eru m.a. þessar: heimilistryggingar, fjölskyldutryggingar, altryggingar heimila, farangurstryggingar, gripatryggingar, hestatryggingar (búfjártryggingar) og landbúnaðartryggingar.

3. gr.

Skylt er að váttryggja eftirtalin mannvirki í eigu hins opinbera skv. 2. mgr. 5. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands:

1. Hitaveitur til dreifingar heits vatns eða gufu, þar á meðal lagnir í jörðu, þó ekki borholur. Einnig skal váttryggja dælur, dælustöðvar, brýr og vegi, sem einungis þjóna veitukerfinu, svo og stöðvar til hitunar með jarðhita eða öðrum orkugjöfum.
2. Vatnsveitur þar á meðal safnkerfi, lagnir í jörðu, þó ekki borholur eða brunna. Einnig skal váttryggja dælur, dælustöðvar, brýr og vegi, sem einungis þjóna veitukerfinu.
3. Skolpveitur þar á meðal dælu- og hreinsunarstöðvar.

4. Varanleg hafnarmannvirki, þ.e. bryggjur, hafnarbakkar, fastir hafnarkranar, fastur ljósabúnaður, raflagnir, ljósastaurar, tengikassar, vatns- og fráveitulagnir, pollar og bundið slitlag á hafnarbakka, en ekki kranar á spori, hjólum eða beltum eða önnur laus tæki og laus búnaður, sem tilheyrir höfnum. Eigi skal váttryggja aðra hafnarbakka en þá, sem klæddir eru þili úr stáli eða tré, hlaðnir úr tilhöggnu grjóti eða gerðir úr steinsteypu eða öðru sambærilegu varanlegu efni. Til hafnarmannvirkja teljast ekki svæði, sem eru lengra en 30 m frá viðlegukanti. Brimbrjóta, grjótgarða, grjóthlífar eða önnur mannvirki til varnar bryggjum, hafnarbökkum eða tilheyrandi munum skal ekki váttryggja.
5. Raforkuvirki, þar á meðal dreifikerfi, stíflur og veitumannvirki.
6. Símtæki, símaleiðslur, símabúnað og fjarskiptamannvirki. Einnig er skylt að váttryggja varanlegar brýr 50 m og lengri, hvort sem brú er í eigu hins opinbera eða einkaeign, sbr. 3. tölul. 2. mgr. 5. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands. Vegur að og frá brú telst ekki hluti hennar og ekki heldur varnargarðar.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt með samþykki ráðherra að ákveða að stofnunin váttryggi eftirtalið lausafé og fasteignir skv. 1. mgr. 6. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands:

1. Hitaveitur í einkaeign ásamt þeim fylgihlutum, sem greinir í 1. tölul. 3. gr. reglugerðar þessarar.
2. Vatnsveitur í einkaeign ásamt þeim fylgihlutum, sem greinir í 2. tölul. 3. gr.
3. Skolpveitur í einkaeign ásamt þeim fylgihlutum, sem greinir í 3. tölul. 3. gr.
4. Varanleg hafnarmannvirki í einkaeign ásamt þeim fylgihlutum, sem greinir í 4. tölul. 3. gr.
5. Varanlegar brýr, sem eru 10-50 m langar. Vegur að og frá brú telst ekki hluti hennar og ekki heldur varnargarðar.
6. Raforkuvirki í einkaeign ásamt þeim fylgihlutum, sem greinir í 5. tölul. 3. gr.
7. Símtæki, símaleiðslur, símabúnað og fjarskiptamannvirki í einkaeign.
8. Dæluleiðslur og aðrar lagnir.
9. Geymsluþrær, geyma og yfirfallsþrær.
10. Eldisfisk, eldisker og annan búnað fiskeldisstöðva.
11. Lóðir, lönd og það fylgifé með þeim, sem ekki er brunatryggt.

5. gr.

Mannvirki, sem greinir í 3. og 4. gr., skal ekki váttryggja, ef þau eru enn í smíðum. Stjórn stofnunarinnar er þó heimilt að setja reglur um frávik frá þessu, að fengnu samþykki ráðherra.

6. gr.

Nú er váttryggingaratburður hafinn eða yfirvofandi, og er þá óheimilt að gera nýja váttryggingarsamninga eða breyta eldri samningum um muni á þeim stað eða svæði, sem í hættu er.

7. gr.

Váttryggingarfjárhæðir skulu ákveðnar þannig:

1. Mannvirki þau, sem um ræðir í 2. mgr. 5. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands, skulu váttryggð fyrir áætlað enduröflunarverð (endurbyggingarverð) þeirra eins og það er fyrsta dag hvers ársfjórðungs. Áætlað enduröflunarverð skal miðað við

- nýbyggingarkostnað sambærilegra eigna og skal þar taka tillit til nýjustu tækniþekkingar, verkþekkingar og efniskostnaðar.
2. Eigendur mannvirkja, sem greinir í 1. tölul. skulu fyrir 1. mars ár hvert senda stofnuninni skrá um ný mannvirki og breytingar á eldri mannvirkjum, ásamt áætlun um enduröflunarverð þeirra miðað við verðlag 1. janúar næstan á undan. Ef ástæða er til að ætla að áætlun sé óraunhæf eða eigendur mannvirkja hafi vanrækt að láta í té upplýsingar um muni, sem skylt er að váttryggja, getur stofnunin kvatt tvo sérfróða menn til þess að meta muni þessa og er niðurstaða mats þeirra þá bindandi sem váttryggingarfjárhæð.
 3. Munir, sem greindir eru í 1.-8. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands skulu váttryggðir fyrir enduröflunarverð eftir meginreglu 1. tölul. þessarar greinar. Eldisfiskur skal þó váttryggður fyrir sömu fjárhæð og gildir á hverjum tíma í fiskeldistryggingu.
 4. Eignir, sem greindar eru í 9. tölul. 1. mgr. 6. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands skulu váttryggðar fyrir markaðsverð eins og það er fyrsta dag hvers ársfjórðungs.
 5. Munir, sem kunna að verða váttryggðir með heimild í 3. mgr. 6. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands skulu metnir af eigendum eða fulltrúum þeirra ásamt matsmanni, er stjórn stofnunarinnar kveður til.

8. gr.

Váttryggingafélög, er brunatryggja muni, sem váttryggðir eru hjá stofnuninni skv. 1. mgr. 5. gr., sbr. 3. mgr. 11. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands, skulu mánaðarlega gefa stofnuninni skýrslu um innheimt iðgjöld í næstliðnum mánuði og greiða viðlagatryggingariðgjöldin eigi síðar en 15. þess mánaðar.

Ef iðgjald er í vanskilum skal váttryggingafélag innheimta dráttarvexti eftir ákvæðum vaxtalaga.

Nú greiðir váttryggingafélag ekki iðgjöld eða dráttarvexti skv. framangreindu og skal félagið þá greiða dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð í samræmi við ákvæði vaxtalaga.

Váttryggingafélög skulu árlega senda Viðlagatryggingu Íslands sundurliðaða skýrslu um váttryggingarfjárhæðir, iðgjöld og dráttarvexti. Skýrslan skal vera í því formi sem stofnunin ákveður.

9. gr.

Gjalddagi iðgjalda, sem Viðlagatrygging Íslands innheimtir sjálf, skal vera 1. apríl ár hvert.

Sé iðgjald ekki greitt innan fjögurra vikna frá gjalddaga skal skuldari greiða dráttarvexti frá gjalddaga skv. ákvæðum vaxtalaga.

10. gr.

Stjórn stofnunarinnar getur, ef sérstaklega stendur á, og að fengnu samþykki ráðherra, samþykkt að váttryggingartaki kaupri skammtímaváttryggingu á eignum, sem getið er í 6. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands.

11. gr.

Þegar váttryggingaratburður hefur orðið, skal stofnunin gera ráðstafanir til að skoða og meta tjón og til þess skal hún kveðja hæfan og óvilhallan matsmann eða -menn.

Stjórn Viðlagatryggingar getur eftir atvikum óskað þess, að tjón skuli metið af dómkvöddum matsmanni eða -mönnum. Um kostnað af mati dómkvaddra manna fer eftir almennum réttarreglum.

Ætíð skal gefa váttryggðum kost á að vera viðstaddur skoðun og koma sjónarmiðum sínum á framfæri við matsmann eða -menn.

Matsmaður eða -menn skulu skila skriflegri matsgerð og ljúka störfum svo fljótt sem kostur er.

12. gr.

Við ákvörðun bóta skal fara eftir meginreglum váttryggingaréttar, sbr. m.a. eftirfarandi reglur:

1. Váttryggingin greiðir einungis bætur fyrir beint tjón, sbr. 36. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga.
2. Váttryggingarfjárhæðin veitir ekki sönnun fyrir verðmæti váttryggðra muna. Hún er þó ávallt hámark þeirrar ábyrgðar, sem miða skal við, þegar bætur eru ákveðnar.
3. Verðmæti váttryggðra eigna skal ákveða með hliðsjón af því hvort var raunverulegt verðmæti þeirra á verðlagi, þegar váttryggingaratburður varð. Skal þá tekið tillit til verðryrnunar vegna aldurs, notkunar, minnkaðs notagildis eða annarra ástæðna, sbr. 37. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga.
4. Bætur fyrir vörur, sem váttryggður hefur framleitt til sölu eða hefur annars til sölu, skulu ákveðnar eftir reglum 38. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga.
5. Þegar um tjón að hluta er að ræða ákvarðast bætur eftir því hvað kostar að gera við hið skemmda svo það verði eins eða sem næst því eins og fyrir váttryggingaratburðinn. Bætur geta þó aldrei orðið hærri en mismunur á verðmæti hlutar fyrir tjónið og verðmæti hans eftir tjónið. Tjónþoli skal varðveita skemmda eign eða hlut eftir því sem kostur er, þar til hann fær tjónið bætt.
6. Sé váttryggður hlutur meira virði en váttryggingarfjárhæðinni nemur bætist tjónið hlutfallslega þannig:

$$\text{tjónsfjárhæð} \times \text{váttryggingarfjárhæð} / \text{raunverulegt verðmæti} = \text{bætur}$$

Eigin áhætta váttryggðs dregst frá bótafjárhæð þeirri, sem þannig er fengin.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 55/1992 um Viðlagatryggingu Íslands og öðlast þegar gildi. Fellur þá úr gildi reglugerð nr. 772/1982 ásamt breytingum, sem gerðar voru á henni með reglugerðum nr. 269/1983 og 358/1985.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. febrúar 1993.

Sighvatur Björgvinsson.

Dögg Pálsdóttir.

Viðauki 3.

Fréttatilkynning lesin upp í kvöldfréttatíma útvarps laugardaginn 17. júní 2000.

Fréttatilkynning

Viðlagatrygging Íslands fer þess vinsamlegast á leit við Fréttastofu útvarps að hún komi eftirfarandi til skila til tjónþola á jarðskjálftasvæðinu á Suðurlandi.

Viðlagatrygging Íslands bætir tjón af völdum jarðskjálfta á húseignum og ennfremur á lausafé hafi eigendur tryggt það gegn bruna.

Viðlagatrygging mun taka á móti tjónstilkynningum frá og með mánudegi en einnig má tilkynna um tjón til almannavarna eins og tilkynnt hefur verið um í útvarpi, og til umboðsmanna tryggingarfélaganna.

Viðlagatrygging vill ítreka fyrri ábendingar um að fólk haldi til haga þeim lausafjármunum sem orðið hafa fyrir skemmdum og nýti sér þjónustu lögreglu og björgunarsveita er lána pappakassa undir skemmda muni.

Viðlagatrygging vill beina því til íbúa á jarðskjálftasvæðum að grípa til allra tiltækra ráðstafanna til að afstýra frekara tjóni og má þar nefna að loka fyrir vatnsinntak verði vart skemmda á hita- eða vatnslögnum.

Matsmenn Viðlagatryggingar munu hefjast handa við tjónamat þegar í næstu viku. Þar sem ljóst er að víðtækt tjón hefur orðið á lausafjármunum og allnokkuð á mannvirkjum er fólk beðið að sýna biðlund. Tjón verður metið og bætt en það mun taka nokkurn tíma að ljúka því verki.

Viðauki 4.

Upplýsingar um Viðlagatryggingu Íslands sem dreift var á borgarafundi á Hellu 18. júní 2000.

Viðlagatrygging Íslands

Hvað er viðlagatrygging?

Viðlagatrygging er lögbundin náttúruhamfaratrygging sem bætir beint tjón á tryggðum eignum af völdum eldgosa, jarðskjálfta, skriðufalla, snjóflóða og vatnsflóða. Viðlagatrygging bætir ekki tjón af völdum annarra náttúruhamfara, t.d. af völdum ofsaveðurs.

Hvað er tryggt?

Viðlagatrygging fylgir brunatryggingu húseigna sem er lögbundin skyldutrygging eins og viðlagatrygging. Sé lausafé tryggt gegn bruna hvort heldur með sérstakri lausafjártryggingu eða samsettri lausafjártryggingu, er innifelur bætur af völdum eldsvoða og flokkast undir eignatryggingar, þá fylgir einnig viðlagatrygging. Vátryggingarfjárhæð viðlagatryggingar eru sú sama og viðkomandi brunatryggingar en tryggingarskilmálar eru aðrir.

Iðgjald og innheimta

Iðgjald af Viðlagatryggingu er 0,25% af vátryggingaupphæð.

Vátryggingarfélag annast innheimtu viðlagatryggingariðgjalds jafnframt innheimtu iðgjalds vegna brunatrygginga og hefur þá viðlagatryggingin sömu gjalddaga og viðkomandi brunatrygging.

Bótaskyldir tjónsatburðir

Eldgos, t.d. er hraun eða gjóska veldur skemmdum eða eyðileggingu á tryggðum munum.

Jarðskjálfti, sem veldur skemmdum eða eyðileggingu á vátryggðum munum

Skriðufall, þegar skriða úr fjalli eða hlíð fellur skyndilega á vátryggða muni með þeim afleiðingum að þeir skemmast eða eyðileggjast.

Snjóflóð merkir snjóskriðu, sem fellur skyndilega úr fjalli eða hlíð á vátryggða muni með þeim afleiðingum að þeir skemmast eða eyðileggjast. Það telst ekki vera snjóflóð, þótt þak eða veggir húss sligist eða brotni undan snjó, sem safnst á eða að húsi vegna snjókomu, skafrennings eða fok. Sama á við um aðra muni, sem skemmast með svipuðum hætti.

Vatnsflóð merkir flóð, er verður þegar ár eða lækir flæða skyndilega yfir bakka sína eða flóðbylgjur frá sjó eða vötnum ganga á land og valda skemmdum eða eyðileggingu á vátryggðum munum. Árleg eða reglubundin flóð úr ám, lækjum, sjó eða vötnum teljast hér ekki vatnsflóð. Sama á við um venjulegt leysingavatn eða flóð, sem að einhverju eða öllu leyti verður af mannavöldum, t.d. þegar vatnsgeymar, stíflugarðar eða önnur mannvirki breyta af öðrum ástæðum en náttúruhamförum.

Eigin áhætta

Eigin áhætta vátryggðs er 5% af hverju tjóni. Þó eigi lægri upphæð en kr 40.000 umreiknað til samræmis við gildandi vísitölu byggingarkostnaðar frá og með janúarmánuði 1993. [Í júní 2000 er lágmarks eigináhætta vátryggðs kr. 51.600.]

Ef tjón ber að höndum

Sé talið að bótaskyld tjón hafi orðið af völdum ofangreindra náttúruhamfara ber að tilkynna það tafarlaust aðalskrifstofu Viðlagatryggingar eða til viðkomandi tryggingafélags sem seldi váttrygginguna eða umboðsmanna þess.

Nánari upplýsingar:

Viðlagatrygging Íslands starfar skv sérlögum nr 55/1992 með áorðnum breytingum og reglugerð nr 83/1993.

Viðlagatrygging Íslands
Laugavegi 162
105 Reykjavík
Sími 552-9677
Bréfsími 562-9675

Viðauki 5.

Aðgerðaáætlun VÍ vegna stórra tjónsatburða (kynnt á stjórnarfundi VÍ í janúar 1995)

Viðlagatrygging Íslands

Skipulagsáætlun vegna meðferðar meiriháttar tjóna af völdum náttúruhamfara

1. Fyrstu viðbrögð

- 1.1. Fundur með stjórnendum Almannavarna ríkisins til þess að kynna sér áætlanir þeirra um skipulag björgunarmála á hamfarasvæðinu og fá upplýsingar um trúnaðarmenn almannavarnarnefndar í viðkomandi umdæmi.
Einnig þarf að tryggja að upplýsingaflæði milli Almannavarna ríkisins og Viðlagatryggingar Íslands sé í föstum skorðum.
- 1.2. Ástand hamfarasvæðisins kannað af fulltrúum og trúnaðarmönnum Viðlagatryggingar undir leiðsögn stjórnenda Almannavarna á svæðinu.
- 1.3. Fundir haldnir með stjórnendum sveitarfélaga á hamfarasvæðinu og tæknimönnum þeirra ásamt stjórnendum orku- og veitukerfa í viðkomandi umdæmi. Reifuð frumdrög að skipulagni eignabjörgunarmála.

2. Fyrstu aðgerðir

- 2.1. Eignabjörgunarnefnd Viðlagatryggingar Íslands framkvæmir vettvangskönnun og hefur samráðsfund með stjórnendum björgunarsveita Almannavarna um verkaskiptingu og upplýsingaflæði. Eignabjörgunarnefnd setji upp stjórnstöð á svæðinu í samráði við viðkomandi sveitastjórnir.
- 2.2. Húsastyrkingarflokkar hefja störf undir stjórn eignabjörgunarnefndar í samráði við tæknimenn viðkomandi sveitarfélaga. Reiknað er með því að eignabjörgunarnefnd hafi yfir að ráða fullnægjandi efnisbirgðum véla- og tækjakosti og hafi tryggt sér með hæfilegum fyrirvara aðgang að slíkum hjálparmiðlum.
- 2.3. Eignabjörgunarnefnd leggi framkvæmdastjórum orku- og veitufyrirtækja lið við björgun á eignum þeirra og viðgerðir á veitukerfum ef nauðsyn þykir.
- 2.4. Eignabjörgunarnefnd aðstoði Vegagerð ríkisins við styrkingu samgöngumannvirkja sér í lagi brýr á aðalaðflutningsleiðum efnis og tækja.

3. Framhaldsaðgerðir

- 3.1. Tjónamatsmenn Viðlagatryggingar Íslands hefja störf og yfirtaka upplýsingasafn Eignabjörgunarnefndar þegar húsastyrkingarflokkar hafa lokið störfum. Tjónakoðun verður framkvæmd í nánu samráði við stjórnendur sveitarfélaga og væntanlega í hús-næði þeirra að mestu leyti.
- 3.2. Eignabjörgunarnefnd mun væntanlega sjá um að fjarlægja ónýt hús í samráði við tjónamatsmenn.

Viðauki 6.

Yfirlitstafla tjóna í suðurlandsskjálftum 2000					
Notkun	Fjöldi eigna	Vátryggingar-fjárhæð	Matsfjárhæð ¹⁾	(þar af) altjón	Matsfjárhæð ¹⁾
1.1 Íbúðarhús	1.028	11.742.569.963	1.206.898.149	47	358.742.287
1.2 Sumarbústaður	415	2.391.980.803	145.399.377	2	5.245.000
1.3 Útihús til sveita	948	4.256.181.140	493.215.915	275	211.956.134
1.4 Verslunar- og skrifstofuhúsnæði	23	786.324.566	24.040.580	0	0
1.5 Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði	173	4.585.911.677	202.282.394	7	1.378.000
1.6 Þjónustuhúsnæði	118	6.075.022.201	220.482.686	7	15.617.400
1.7 Veitukerfi	8	1.535.307.985	105.268.190	0	0
1.8 Önnur mannvirki	10	1.968.865.000	7.423.500	1	151.000
1.9 Lausafjármunir	21	396.574.312	95.548.883		
Innbústjón	931 ²⁾		168.060.865		
Samtals	2744	33.738.737.648	2.668.620.539	339	593.089.821

1) Án eigin áhættu vátryggðs.

2) Fjöldi tjóna, ekki talið með í samtalslið.

* Tekið saman í september 2002.


Greiddar tjónabætur 1/10/02

2.381.593.407

Viðauki 7.*Leiðbeinandi einingaverðskrá.*

No	Lýsing (miðað við einbýlishús)	Magn	Ein	Einingaverð
	Panell (harðviður)	1	m2	5.500-6.500
4.3	Veggir:			
	Létt grind + einangrun	1	m2	5.000-6.000
	Gifs- /spónaplötur	1	m2	1.500-2.500
	Panell 1	m2	3.000-3.500	
	Málning (nýmálun)	1	m2	1.000-15000
	Múrhúðun innveggja	1	m2	3.000-3.300
	Einangr. + múrhúðun	1	m2	7.200-8.800
4.4	Innréttingar:			
	Sólbekkir 1	m2	5.000-6.000	
	Innihurðir, málaðar	1	stk	40.000-50.000
	Innihurðir, harðviður	1	stk	50.000-70.000
	Eldhúsinnréttingar	1	m	60.000-100.000
	Fataskápar 1	m	40.000-60.000	
5.	Lagnir			
5.1	Frárennslislagnir í grunni	1	m	4.000-5.000
	Hita-og vatnslagnir	1	m	2.500-3.000
	Hreinlætistöki og vaskar	1	stk	30.000-40.000
	Raflagnir 1	m2	3.000-5.000	
6.	Viðgerðir og niðurrif			
6.1	Undirstöður:			
	Viðgerð 1.11	m	16.000-22.000	
	Viðgerð 1.21	m	23.000-30.000	
	Viðgerð 1.3 (2m)	1	m	100.000-110.000
6.2	Steypt botnplata:			
	Viðgerð 2.11	m	15.000.-18.000	
	Viðgerð 2.21	m	20.000-25.000	
	Viðgerð 2.31	m2	22.000-28.000	
6.3	Steyptir útveggir:			
	Viðgerð 3.11	m	15.000-20.000	
	Viðgerð 3.21	m	22.000-28.000	
	Viðgerð 3.31	m2	60.000-70.000	
6.4	Steyptir innveggir:			
	Viðgerð 4.11	m	15.000-18.000	
	Viðgerð 4.21	m	20.000-22.000	
	(1m) Viðgerð 4.3	1	m2	90.000-95.000
	(4m) Viðgerð 4.4	1	m2	50.000-60.000
6.5	Hlaðnir innveggir:			
	Viðgerð 5.1 - 5.3 Sjá ýmis einingaverð			
6.6	Niðurrif steyptra útveggja	1	m2	10.000-20.000
	Niðurrif steyptra innveggja	1	m2	12.000-24.000
	Niðurrif steyptra gólfplatna	1	m2	5.000-10.000
	Niðurrif hlaðinna innveggja	1	m2	4.000-6.000
	Niðurrif timburveggja	1	m2	2.000-3.000
7.	Fullbúið einbýlishús	1	m2	100.000-140.000

Viðauki 8.



Viðauki 9.

Verklýsingar til viðmiðunar í tjónamati

STEYPT BOTNPLATA– VIÐGERÐ

Flokkur 1.

Nýjar sprungur í plötu. Einnig gamlar sprungur sem hafa greinilega opnast (málning eða eldri viðgerð sem hefur slitnað eða tognað á). Ekkert misgengi eða færslur í plötu sýnilegar.

Viðgerð a): Á við þegar ná þarf fullum styrk í plötu. Hreinsa sprunguna með þrýstilofti (síður háþrýstiþvotti) og hreinsa burt eldri viðgerðir. Epoxy-ídæling (sjá sér verklýsingu)⁸. Hreinsun plötuyfirborðs eftir viðgerð.

Viðgerð b): Á við þegar nægir að fylla í og loka sprungu. Hreinsa sprunguna með þrýstilofti (síður háþrýstiþvotti) og hreinsa burt eldri viðgerðir. Sprautumúr-ídæling (sjá sér verklýsingu). Hreinsun plötuyfirborðs eftir viðgerð.

Flokkur 2.

Plötusig 3 – 10 mm á afmörkuðu svæði. Ekki talin ástæða til að brjóta upp plötu.

Viðgerð: Gólfefni fjarlægt og yfirborð hreinsað fyrir ílögn. Borað niður í gegnum plötu með 1,0 m millibili á öllu sigsvæðinu. Dælt undir plötu sandlögun með floti með til þess gerðri steypudælu. Lagt í siginn plötuhluta með flotmúr.

Flokkur 3.

Plötusig eða lyfting á svæði stærra en 6-8 m², sig meira en 20 mm.

Viðgerð: Brjóta að mestu burt plötu í viðkomandi herbergi (húshluta) og fjarlægja (keyrt í sorpgryfju). Áður skal taka niður allar innréttingar (endurnota eftir atvikum eða setja nýjar) og alla léttu veggja á viðgerðarsvæðinu (ekki í einingarverði). Jafna og þjappa einangrun og leggja út 75 mm plasteinangrun, 25 kg/m³, (fjarlægja umframefni). Tengja plötu við aðlæga steypa byggingarhluta með innboruðum tengiteinum K10c200 og helst að ná ásetu fyrir plötu inn á vegg (ca 25 mm). Járnbending einföld grind K10c250. Plata höfð jafnþykk þeirri sem fyrir er en ekki þynnri en 100 mm. Steypa S250. Ílögn. Nýir léttir veggir (gipsveggir 2x13 mm og steinull í blikkgrind), nýjar hurðir og innréttingar eða enduruppsetning (ekki í einingarverði). Nýjar raflagnir, vatnslagnir eða hitalagnir eftir atvikum í viðk. húshluta (ekki í einingarverði). Nýtt gólfefni og málun í hólfi og gólf (ekki í einingarverði).

⁸ Um er að ræða verklýsingu frá framleiðanda sem m.a. er aðgengileg á netinu en slóðin er: <http://www.islandia.is/basfell/Grunnar/G.htm>

UNDIRSTÖÐUR – VIÐGERÐ

Flokkur 1.

Nýjar sprungur í sökklum. Einnig gamlar sprungur sem hafa greinilega opnast (málning eða eldri viðgerð sem hefur slitnað eða toгнаð á). Ekkert misgengi eða færslur á sökkulvegg sýnilegar.

Viðgerð a): Á við þar sem ná þarf fyrri styrk. Moka þarf frá sökkli þar sem sprungan gengur niður fyrir jarðvegsyfirborð til að unnt sé að komast að allri sprungunni. Hreinsa sprunguna með þrýstilofti (síður háþrýstipvotti). Epoxy-ídæling (sjá sér verklýsingu). Hreinsun veggjar eftir viðgerð. Lagfæring og frágangur á jarðvegi. Málun sökkulveggjar eftir atvikum (ekki í einingarverði).

Viðgerð b): Á við þar sem ekki þarf að ná fyrri styrk eða að hann hafi verið bágborinn fyrir skjálftann. Moka þarf frá sökkli þar sem sprungan gengur niður fyrir jarðvegsyfirborð til að unnt sé að komast að allri sprungunni. Hreinsa sprunguna með þrýstilofti (síður háþrýstipvotti). Sprautumúr-ídæling (sjá sér verklýsingu). Hreinsun veggjar eftir viðgerð. Lagfæring og frágangur á jarðvegi. Málun sökkulveggjar eftir atvikum (ekki í einingarverði).

Flokkur 2.

Nýjar og stærri sprungur í sökkli, 2-6 mm. Einnig gamlar sprungur sem hafa opnast verulega. Etv. eitthvert misgengi eða færslur á sökkulvegg sem ekki kemur að sök.

Viðgerð: Moka þarf frá sökkli þar sem sprungan gengur niður fyrir jarðvegsyfirborð til að unnt sé að komast að allri sprungunni. Hreinsa sprunguna með þrýstilofti (síður háþrýstipvotti). Efnisfrek epoxy-ídæling (sjá sér verklýsingu) eða takmarkað múrbrot, borun fyrir og innsteyping benditeina, endursteypa. Hreinsun veggjar eftir viðgerð. Lagfæring og frágangur á jarðvegi. Málun sökkulveggjar eftir atvikum (ekki í einingarverði).

Flokkur 3.

Mikið laskaðir sökklar, misgengi, sig eða snúningur á sökkulvegg.

Viðgerð: Brjóta burt hluta sökkuls eða hann allan. Veggur eða plata sem hvílir á honum er fjarlægð og ef ekki, þá þarf að gera ráðstafanir um tryggilega stoðun eða skorðun þeirra byggingarhluta sem sökkullinn liggur að eða á að standa undir. Yfirfara (þjappa), jafna og hreinsa grunn. Ef ekki er unnt að koma fyrir innra móti þarf að hafa einfalt ytra spyrunmót, fylla með steypu inn undir plötu að jarðvegi. Sökkulvegginn nýja á að tengja við eldri hluta með borun og innsteypingu benditeina. Tvöföld grind K10c200 og 2 K12 efst og neðst í sökkli. Steypa S250. Lagfæring og frágangur jarðvegs. Múrhúðun og málun eftir atvikum (ekki í einingarverði).

Einingarverð miðast við að tekið sé 2 m langt stykki, sökkulhæð 1,0 m, veggþykkt 0,25 m. Ekki þarf að stoða undir vegg, borað fyrir tengiteinum inn í aðl. sökkla og vegg með einf. K110c250. Ytra spyrunmót, meðalveggþykkt

STEYPTIR ÚTVEGGIR– VIÐGERÐ

Flokkur 1.

Nýjar sprungur í útvegg. Einnig gamlar sprungur sem hafa greinilega opnast (málning eða eldri viðgerð sem hefur slitnað eða toгнаð á). Ekkert misgengi eða færslur á vegg sýnilegar.

Viðgerð a): Á við þar sem ná þarf fyrri styrk. Hreinsa sprunguna með þrýstilofti (síður háþrýstipvotti) og hreinsa burt eldri viðgerðir. Epoxy-ídæling (sjá sér verklýsingu). Hreinsun veggjar eftir viðgerð. Málun veggjar eftir atvikum (ekki í einingarverði).

Viðgerð b): Á við þar sem ekki þarf að ná fyrri styrk eða hann verið bágborinn fyrir skjálftann. Hreinsa sprunguna með þrýstilofti (síður háþrýstipvotti) og hreinsa burt eldri viðgerðir. Sprautumúr-ídæling (sjá sér verklýsingu). Hreinsun veggjar eftir viðgerð. Málun veggjar eftir atvikum (ekki í einingarverði).

Flokkur 2.

Nýjar og stærri sprungur í vegg, 2-6 mm. Einnig gamlar sprungur sem hafa opnast verulega. Etv. eitthvert misgengi eða færslur í vegg sem ekki koma að sök.

Viðgerð: Hreinsa sprunguna með þrýstilofti (síður háþrýstipvotti), hreinsa burt eldri viðgerðir. Efnisfrek epoxy-ídæling (sjá sér verklýsingu) eða takmarkað múrbrot, borun fyrir og innsteyping benditeina, endursteypa. Hreinsun veggjar eftir viðgerð. Múrhúðun og málun eftir atvikum (ekki í einingarverði).

Flokkur 3.

Mikið laskaðir veggir, misgengi, sig eða snúningur á vegg.

Viðgerð: Brjóta burt hluta veggjar eða hann allan og fjarlægja (keyrt í sorpgryfju). Stoða þarf tryggilega undir þá byggingarhluta sem hvíla á veggnum. Tengja vegginn við aðlæga steypa byggingarhluta með innboruðum tengiteinum. Mótauppsláttur, jámbending tvöföld grind K10c200 og 2 K12 í kring um dyra- og gluggaop. Nýir gluggar eða útidyr eftir atvikum. Steypa S250. Einangrun með 75 mm plasti, múrhúðun og málun eða klæðning (td. stálkl. eða steni úti, þiljur eða spónaplötur inni, hvort tveggja á grind) eftir atvikum. Gera verður ráð fyrir að endurnýja þurfi frágang aðlægra gólfplatna (fjarlægja gólfefni og ílögn og endurgera eftir vinnu við vegg). Sama á við um aðlæg loft (endurnýja loftklæðningu). Aðlæg herbergi máluð í hólf og gólf.

STEYPTIR INNVEGGIR– VIÐGERÐ

Flokkur 1.

Nýjar sprungur í innvegg. Einnig gamlar sprungur sem hafa greinilega opnast (málning eða eldri viðgerð sem hefur slitnað eða toгнаð á). Ekkert misgengi eða færslur á sökkulvegg sýnilegar.

Viðgerð a): Á við þegar ná þarf fyrri styrk. Hreinsa sprunguna með þrýstilofti (síður háþrýstipvotti) og hreinsa burt eldri viðgerðir. Epoxy-ídæling (sjá sér verklýsingu). Hreinsun veggjar eftir viðgerð. Málun veggjar eftir atvikum (ekki í einingarverði).

Viðgerð b): Á við þegar ekki þarf að ná fyrri styrk, lasburða veggur fyrir tjón. Hreinsa sprunguna með þrýstilofti (síður háþrýstipvotti) og hreinsa burt eldri viðgerðir. Sprautumúr-ídæling (sjá sér verklýsingu). Hreinsun veggjar eftir viðgerð. Málun veggjar eftir atvikum (ekki í einingarverði).

Flokkur 2.

Nýjar og stærri sprungur í vegg, 2-6 mm. Einnig gamlar sprungur sem hafa opnast verulega. Etv. eitthvert misgengi eða færslur í vegg sem ekki koma að sök.

Viðgerð: Hreinsa sprunguna með þrýstilofti (síður háþrýstipvotti), hreinsa burt eldri viðgerðir. Efnisfrek epoxy-ídæling (sjá sér verklýsingu) eða takmarkað múrbrot, borun fyrir og innsteyping benditeina, endursteypa. Hreinsun veggjar eftir viðgerð. Múrhúðun og málun eftir atvikum.

Flokkur 3.

Mikið laskaðir veggir, misgengi, sig eða snúningur á vegg.

Viðgerð: Brjóta burt hluta veggjar eða hann allan og fjarlægja (keyrt í sorpgryfju). Stöða þarf tryggilega undir þá byggingarhluta sem hvíla á veggnum. Tengja vegginn við aðlæga steypa byggingarhluta með innboruðum tengiteinum. Mótauppláttur, járnbanding tvöföld grind K10c200 og 2 K12 í kring um dyra- og gluggaop. Nýir gluggar eða útidyr eftir atvikum. Steypa S250. Múrhúðun og málun eftir atvikum. Gera verður ráð fyrir að endurnýja þurfi frágang aðlægra gólfplatna (fjarlægja gólfefni og ílögn og endurgera eftir vinnu við vegg). Sama á við um aðlæg loft (endurnýja loftaklæðningu). Aðlæg herbergi máluð í hólfi og gólf.

HLAÐNIR INNVEGGIR– VIÐGERÐ

Flokkur 1.

Nýjar sprungur í hlöðnum innvegg. Einnig gamlar sprungur sem hafa greinilega opnast (málning eða eldri viðgerð sem hefur slitnað eða tognað á). Ekkert misgengi eða færslur á vegg sýnilegar.

Viðgerð: Rífa upp sprungu og spartla. Tvímála alla veggi og loft viðkomandi herbergis (ekki í einingarverði).

Flokkur 2.

Nokkru stærri sprungur 0,5 – 1,0 mm, lítið sem ekkert misgengi.

Viðgerð: Dæla í sprungu sprautumúr (Sandur-Ímúr) beggja vegna frá með sérútbúinni kíttissprautu (Rb). Spartla og þússa yfir að lokinni viðgerð. Tvímála alla veggi og loft viðkomandi herbergis (ekki í einingarverði).

Flokkur 3.

Mikið laskaðir veggir, misgengi, sig eða snúningur á vegg.

Viðgerð: Brjóta burt hluta veggjar eða hann allan og fjarlægja (keyrt í sorpgryfju). Etv. þarf að stoða undir þá byggingarhluta sem hvíla kunna á veggnum. Nýr veggur 2x13 mm gipsplötuklæðning og 75 mm steinull í blikkgrind.

Áður þarf að taka niður innihurðir og fastar innréttingar sem hugsanlega má endurnýta. Fjarlægja raflagnir, vatnslagnir og hitalagnir sem kunna að vera í veggnum (ekki í einingarverði).

Enduruppsetning raflagna, vatns- og hitalagna. Endurnýja gólfefni í aðlægum herbergjum. Nýjar hurðir og innréttingar eða þær endurnýttar (hurðir má oftast endurnýta). Málun (veggfóður eða þiljur eftir atvikum) í hólf og gólf í aðlægum herbergjum (ekki í einingarverði).